



Þinggerð 49. ársþings BLÍ
5. júní 2021

Þingritari: Sævar Már Guðmundsson
Þingforseti: Valdimar Leó Friðriksson

***Þinggerð 49. ársþings Blaksambands Íslands, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
laugardaginn 5. júní árið 2021 kl. 10.00.***

Þingsetning

Formaður BLÍ, Grétar Eggertsson flytur upphafsræðu sína og fer yfir skýrslu stjórnar.

Þessu starfsári er lokið og þetta hefur reynt á þrautseigju og þolinmæði okkar allra, ekki síst leikmanna og þjálfara, ég hreinlega dáist að úthaldi þeirra en síðan má ekki gleyma því að þetta reynir jafnmikið á fólkið sem stendur bakvið liðin, stjórnarmenn og sjálfboðaliða

Afreksstarf hefur legið niðri í þeirri mynd sem við þekkjum. Stórt verkefni að endurræsa það starf og í þessari kynningu og kannski seinna í dag verður farið betur yfir það. Hvernig vetur hefur verið að líða og fara í gegnum einstök stærstu verkefni sem eru í gangi þannig að þið hafið upplýsingarnarn.

Tímalínan. Það er ár síðan við vorum með ársþingið síðast. Við réðum afrkessjtóra til starfa Burkhard Disch sem er einmitt staddur hérna núna og hefur farið víða um land með kynningar. Stórt skref var tekið síðasta sumar þegar þjálfaramenntunin fór af stað.

Strandblakið. Við hættum snemma með blakið síðasta vor útaf COVID. Strandblakið var í kjölfarið mjög öflugt og gaman að sjá okkar leikmenn fara á fullt í sandinn.

Í júlí vorum við með þjálfamenntunina á stigi 2 og vorum með opinn fyrirlestur líka og síðan var tekið þetta skref um leikmannasamninga.

Það er fyrsta skrefið í þróun í átt að skilvirkara umhverfi milli leikmanna og liðs og um réttindi og skyldur hvors aðila fyrir sig.

Á ársþinginu síðast sagði ég að ef við hefðum þurft að fresta og færa til viðburði. Byrjaði strax í ágúst með breytingum á afreksbúðunum okkar.

Eitt af stóru verkefnum skrifstofunnar var að búa til COVID reglugerðir eða leiðbeiningar.

Ofurbikarinn – verkefni sem tókst vel og var sett upp þar sem ekki voru krýndir meistarar um vorið. Eru uppi aðrar hugmyndir núna sem gera það að verkum að líklega verður ofurbikarinn ekki

Það mátti hefja leik í Mizunodeildinni, fyrst án áhorfenda og síðar með áhorfendum

Á fundi með formönnum í september þar sem ákveðið var að útvista datavolley tölfræðigreiningu. Gríðarlega mikilvægt skref, klárlega voru vandræði í byrjun en í enda dags þá gekk þetta upp. Næsta skref er að vinna í því að fræða þjálfarana um hvernig á að nota þetta betur, líka gagnvar leikmönnum hvernig þeir geti notað þessar upplýsingar.

Fengum fljótt tilkynningar að NEVZA yrði ekki. Sáum fram á að allt afreksstarf yrði meira og minna laskað þennan vetur. Komu nýjar COVID reglur og allt fór í lás. Félögin fóru í að leita að leiðum til að halda starfinu áfram þrátt fyrir lokanir. Við vildum akkúrat þetta svo ekki þyrfti að bíða 4-6 vikur áður en keppni hæfist aftur eftir að búið var að hleypa æfingum í gang.

Við kynntum blakfólk ársins 2020 Jónu Guðlaugu og Ævarr. Var lýsandi fyrir umhverfið, þau fengu að vera í sjónvarpi og ég held að það hafi verið bæði Sævar og Óli sem klöppuðu fyrir þeim í sal þannig að þetta var svona lágstemmd kynning, en þetta tókst. Skiptir mest máli eftir þennan vetur – þetta tókst. Okkar starfsmönnum og ykkur sem hér eruð er þakkað vel fyrir að þetta tókst, þið gerðuð þetta.

Deildakeppni fékk að fara af stað, við breyttum félagaskiptaglugganum. Í sambandi við öldungamótinu þá var því frestað strax í janúar en það er risastórt mál að gera þetta tvö ár í röð. Grafalvarlegt mál að fresta tvö ár í röð, þetta er mikilvægt mót. Næsta mót er í Kópavogi og ég veit að HK fólk mun gera allt

til þess að gera það mót glæsilegt því öldungarnir okkar eru mikilvægir inni í okkar hreyfingu og við þurfum á þeim á að halda.

Við náðum að hafa yngriflokkamót á Akureyri í febrúar.

Mann kveið fyrir Kjörísbikarhelginni í mars, hvort myndi koma upp smit á síðustu stundu og aflýsa þyrfti helginni. Þetta var eins og í fyrra að það var leikur á miðvikudegi sem þjálfarar liðanna bentu BLÍ á að færa þann leik svo ekki komi upp sama staða og í fyrra.

Kjörísbikarhelgin okkar var fyrsti stóri íþróttaviðburðurinn innanlands sem var í beinni útsendingu sjónvarps, umgjörðin frábær og ég vil þakka starfsfólkinu og sjálfbóðaliðum sem komu að þessu fyrir og þar eiga Óli og Sævar, þeir eru okkar helstu sérfræðingar í sóttvarnarreglum, hvað má og hvað má ekki en eiga sérstakt hrós skilið.

Við frestuðum síðan aftur mótinu og það gerði það að verkum að við þurftum að klára mótið öðruvísi, áttum fund með félögum og það var frekar vilji til að gera úrslitakeppnina stærri og klára það. Ef ekki hefðum við gert þetta þá værum við á sama stað og handboltinn og karfan eru núna, komin langt en ættum 2-3 vikur eftir.

Við þurfum að eiga heiðarlegt samtal. Við þurfum að fá gagnrýnina og hrósið. Aldrei fyrr hafa samskipti skipt meira máli.

Við krýndum deildarmeistara HK í Mizunodeild kvenna og Hamar í Mizunodeild karla og Völsungur var deildarmeistari í 1. deild.

Mjög ánægjulegt að sjá að yngriflokkamótin fóru í gang í maí. Ánægjulegt að sjá gleðina hjá krökkunum. Viðburðir verða fleiri hjá yngriflokkum næsta ár.

Ég og Burkhard fórum um landið og miðin og áttum samtöl við félögin. Skiptir máli, fundum kraftinn, áhugann og hugmyndirnar sem félögin búa yfir. Þurfum að virkja betur í okkar samstarfi.

Við náðum svo að klára Íslandsmeistaratitil, frábær rimma HK og Aftureldingar í kvennaflokki þar sem Afturelding varð meistari og Hamar í karlaflokki, kláraði þrefalt.

Það er alveg klárt mál að áskorunin er að öll liðin ætli sér að gera betur á næsta ári.

Örstutt að renna yfir þau verkefni sem eru í gangi og kannski búin í vetur.

Skiptir mestu máli núna er að á næsta ári verður sambandið 50 ára. Eftir þetta ár þá horfi ég á framtíð sambandsins að við séum komin á ansi góðan stað til að byrja afreks og unglíngastarfið af krafti.

Væntingarnar til starfsfólks og stjórnar BLÍ eru að árið sem sambandið verður 50 ára verður árið okkar í blakinu. Þannig að við förum núna í að skipa afmælisnefndina til að fagna þessum áfanga.

Þrjú verkefni

Skipurit – ábyrgð og starfslýsingar. Ráðið starf eða sjálfbóðaliðar vita þá að hverju þeir ganga. Nokkur skref hafa verið tekin en er ekki komið á endastöð – endar aldrei.

Verkefnið Þróunaráætlun. Erum að setja þetta upp í 6 hluta – uppsett verkefni – lína sem við förum eftir. Ef við fylgjum þessum 6 verkefnum þá náum við þeim árangri sem við ætlum að ná í framtíðinni, kennslu og þjálfarafræðsla sem skiptir gríðarlegu máli. Burkhard er tilbúinn að deila gögnum og við viljum að allir séu upplýstir. Þjálfaranámskeið aftur í haust, og stig 3 í framhaldinu og smám saman förum við á stig 4 og 5. Stóra verkefnið er að tengja fræðsluna við skólana

Áhugavert er að stjórnin er með autt blað. Teiknar upp sitt hlutverk. Vinnan er skipulögð, komin af stað, erum með nokkuð skýra sín og við viljum fá góðar ábendingar frá ykkur.

Flest hafa heyrt okkur tala um þennan viðburð. Skólamót í blaki, gengið frá samning við ÍSÍ, UMFÍ og CEV um risa verkefni sem er skólamót í blaki. Grunnverkefni, útbreiðsla ímynd, kynning og að efla og fá fleiri iðkendur inn í blakið.

Við réðum inn Elsu Gunnarsdóttur sem er verkefnastjóri fyrir þetta verkefni og ber ábyrgð á því og kemur að fleiri verkefnum hjá Blaksambandinu.

Við erum að fá tengingar inn í skólana, við íþróttakennarana, fræðsla um hvernig á að kenna blak. Fyrsta ráðstefnan var á Selfossi í byrjun maí þar sem 20 kennarar komu saman, Burkhard og Borja með. Þetta er lykillinn, tengja kennarana við íþróttina, hvernig á að kenna þetta. Skref 2 12 staðir um allt land í knattspyrnuhöllunum. Tengja þjálfara félaganna við kennarana. Viðburðirnir eru eitt í október/nóvember. Að halda viðburðinn er geggjað en ef við högnumst ekki á því í félagunum, þ.e.a.s. að fjölga iðkendum. Félögin verða að vera virkur þátttakandi í þessu verkefni. Áætlun um hvernig á að taka á móti krökkunum... Reiknum með að þetta sé um 8-10.000 krakkar sem fara í gegnum þetta á hverju ári í fjögur ár. Ef það skila 1-3% þá eru þetta 100 krakkar á ári. Væntum meira en þetta er raunsætt.

Ekki er tjaldað til einnar nætur. Starfshópur með þessum þar sem Elsa er verkefnastjóri yfir. Gera viðburðinn eftirminnilegan og stóran. Þetta er að upplifa, ekki bara að koma í blak.

Þetta er mikil viðurkenning fyrir BLÍ og svo þið áttið ykkur á stærðinni þá er þetta langstærsta verkefnið sem CEV hefur gert nokkru sinni.

Ætlum að gera þetta stórt og mikið og ætlum að gera þetta saman.

Hér voru helstu verkefnin. Vil þakka þeim sem lagt hefur íþróttinni lið í vetur, þakka ÍSÍ, aldrei meiri samskipti við ÍSÍ útaf COVID, bestu þakkar til starfsfólks og stjórnar ÍSÍ. Þakka starfsfólkinu okkar, Sævar, Óli og Elsa. Nefndi þjálfara, leikmenn og stjórnarmenn, það er ekkert sjálfgefið að hafa haldið haus. Þakka stjórnarmönnum í vetur, margir fundir og sérstaklega þakka Árna Jón Eggertssyni og Svandísi Þorsteinsdóttur fyrir sín störf og einnig Ásthildi Gunnarsdóttur og klapp.

Við þökkum sjálfboðaliðum hreyfingarinnar sérstaklega fyrir. Hugsum vel um okkar sjálfboðaliða.

Grétar Eggertsson formaður BLÍ setur 49. ársþing BLÍ og býður alla velkomna til leiks.

Þingið er sett kl. 10.20

Lagt er til að Valdimar Leó Friðriksson verði þingforseti. Samþykkt samhljóða

Lagt er til að Sævar Már Guðmundsson verði þingritari. Samþykkt samhljóða.

Þingforseti tekur til starfa og segir frá því að hann hafi farið yfir lög sambandsins og þingboðun. Þingið er löglega boðað.

Starfsnefndir þingsins

- a) Kjörbréfanefnd: Steinn Guðni Einarsson, formaður. Þessi nefnd tekur til starfa strax og er starfandi allan þingtímann. Nefndin fer yfir lögmati kjörbréfa og hvort fulltrúar séu mættir. Með honum í nefndinni eru Valgeir Bergmann og Jón Ólafur Valdimarsson.
- b) Fjárhagsnefnd: Árni Jón Eggertsson, formaður
- c) Laganefnd: Grétar Eggertsson stýrir henni
- d) Allsherjarnefnd: Dagbjört Víglundsdóttir

- Blöð liggja frammi fyrir þingfulltrúa að skrifa sig á en nefndastarfið byrjar í þinghléinu.
- Samþykkt.

Skýrsla stjórnar BLÍ 10:25

Grétar Eggertsson flutti skýrslu stjórnar fyrir síðasta starfsár í upphafsraðu sinni og engu við það að bæta og því var þessum lið sleppt. Skýrsluna og kynningu formanns má finna á heimasíðu BLÍ. Var ekki bætt við

Reikningar síðasta starfsár 10:27

Árni Jón Eggertsson, gjaldkeri BLÍ greinir frá afkomu Blaksambands Íslands árið 2020.

Tekju og kostnaðarhlíð sambandsins hefur dregist saman. Þrátt fyrir mikinn tekjusakdrátt þá er mikill afgangur. Við þurftum um að minnka starfshlutfall hjá starfsfólkinu okkar og þurftum einnig að skila afrekssjóði til baka. Að auki settum við varúðartekjufærslu vegna þátttökugjalda Íslandsmóts neðri deilda. Við áætluðum að setjum inn umsókn um tekjufall hjá ríkinu vegna COVID.

Niðurstaðan er sú að það verður verulegur afgangur af rekstri sambandsins. Við höfum getað greitt niður yfirdrætti og reikningar greiddir á réttum tíma. Fjárstreymið hefur verið gott.

Hagnaður ársins tæpar 6.2 milljónir

Efnahagsreikningur nokkuð hreinn og handbært fé hærra en áður. Viðskiptakröfur stendur í stað.

Stöndum á allt öðrum stað en við höfum áður staðið.

Þingforseti spyr hvort einhver vill tjá sig um skýrslu stjórnar eða ársreikning.

Umraður um skýrslur stjórnar og ársreikning 2020.

Guðrún Kristín biður um orðið

Góðan dag, Gunna Stína hér úr Blakdeild Aftureldingar. Gaman að sjá hvað eru margir hérna en hefði viljað vera á sjómanna dagshelginni austur í Neskaupstað. Allir sjálfboðaliðarnir sem vinna hér í stjórn, þetta er ekki auðvelt. Leiðrétting um Ofurbikarinn í skýrslu mótanefndar. Bara þannig að það sé rétt þá voru það KA í karlaflokk og HK í kvennaflokki sem unnu en ekki Afturelding.

Það er erfitt að mótivera leikmenn í þessu COVID. Íþróttahreyfingin gert eins vel og hún gat en mér finnst við hefðum átt að gera gert betur. Finnst að við hefðum átt að vera meira aggressive gagnvart það sem var gert. T.d. bara með bólusetningar, íþróttafólk, tónlistarfólk. Íþróttahreyfingin situr klárlega eftir hvað þetta varðar. Þjálfararnir okkar fá ekki bólusetningu eins og kennarar eða leiðbeinendur. Hefðum við átt að vera með þjálfarana. Þau eru í meiri samskiptum og samneyti við krakkana en t.d. kennarinn.

Svo tala ég aftur síðar, takk fyrir.

Þingforseti minnst á að háttvirtur varaforseti ÍSÍ sitji hér og taki þetta eflaust upp með bólusetningarnar. Fleiri sem vilja tjá sig um skýrslu stjórnar, ársreikning.

Grétar kemur upp og þakkar Gunnu Stínu fyrir sitt innlegg, sérstaklega gagnvart COVID. Við vorum öll að fara í gegnum ákveðið verkefni í fyrsta sinn og tek undir það með Gunnu að sækjast eftir því að þeir aðilar sem gegna lykilhlutverki í þjálfun og ein tillaga sem við setjum í loftið er að ársþingið hvetji til þess að þjálfarar í barnastarfi fái bólusetningar þrátt fyrir að við séum að sjá til lands í þessu.

Fleiri sem vilja tjá sig um skýrslu eða ársreikninga, svo er ekki þannig að við göngum til næsta dagskrárliðar.

Þingforseti biður kjörbréfanefnd að gera grein fyrir sínum störfum.

Steinn Einarsson kemur upp og segir frá áttakafundi í hinum salnum. Erum sammála um þær tölur sem við höfum

Fengum 10 Kjörbréf, 26 fulltrúar – hefðu getað komið 88 einstaklingar með atkvæði (30%)

Nafnakall.

Fylkir: Árni Jón Eggertsson, Gunnar Gunnarsson, Hildur Mósedóttir

Hamar: Barbara Meyer, Radoslaw Rybak, Hafsteinn Valdimarsson, Kristján Valdimarsson

HK: Vilborg Bjarnadóttir, Arnar Birkir Björnsson, Linda Björg Helgadóttir og Emil Gunnarsson

Afturelding: Guðrún Kristín Einarsdóttir, Steinn Einarsson, Jórunn Hafsteinsdóttir

Próttur R: Sigríður Pálsdóttir og Svala Ásbjörnsdóttir

KA: Arnar Már Sigurðsson, Birkir Freyr Elvarsson, Valgeir Bergmann og Kristín Vilhjálmsdóttir

Próttur Nes: Sigríður Þrúður Þórarinsdóttir

Völsungur: Lúðvík Kristinsson og Arnar Guðmundsson

HSK: Jón Ólafur Valdimarsson

Vestri: Sigurður Jón Hreinsson, Hafsteinn Már Sigurðsson

Alls eru 26 fulltrúar mættir á þingið

Þingforseti lýsir kjörbréfin samþykkt þau sem eru mætt sem þingfulltrúar og hægt að ganga til atkvæða.

Ársreikningur 2020 borinn upp og samþykktur samhljóða

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021

Árni Jón Eggertsson leggur fram áætlun fyrir árið. Hér er sett upp rekstraráætlun í samanburði við rekstur bæði 2019 og 2020 til þess að sjá muninn milli ára. Stefnum að því að blása upp afreksstarfið meira og setja tölur í eðilegan takt.

Gunnar Gunnarsson spyr úr sæti hvort um sé að ræða almanaksár og svarið var já frá gjaldkera.

Fjárhagsáætlun verður til umræðu í fjárhagsnefnd á þinginu.

Fleiri spurningar um fjárhagsáætlun, hana þarf ekki að leggja til samþykktar hér, er meira til kynningar.

Tekið fram að á eftir þegar við förum í mat að fara í hinn salinn í hópmyndatökum.

Þingforseti merkir sem rekstraráætlun sem **þingskjal 1** og vísar fjárhagsnefnd.

Ávarp fulltrúa ÍSÍ – Hafsteinn Pálsson

Flyt ykkur kveðjur forseta ÍSÍ. Árið mjög óhefðbundið, margir fundið án þess að fólk hittist heldur voru þetta fjarfundir. Sumir fjarfundir með ráðherrum til að fá beint í æð þær upplýsingar sem við vorum að sækjast eftir til að koma út til hreyfingarinnar, um margt sérstakt ár.

Fulltrúar félaganna voru með á hluta þessara funda þannig að þetta var eitthvað sem var lærdómsferli og vonandi þurfum við ekki þurfum við ekki að nýta okkur þessa leið áfram en við getum það. Þarna var þörf vegna ástandsins en þetta er samt ný vídd sem opnaðist og þarf að skoða það í framtíðinni hvernig þetta nýtist í framtíðinni. Betra að fólk mæti á sal og taki umræðuna og ákvarði hluti. ÍSÍ þingið

var í fjarfundi en því síðan frestað fram í miðja október og vonast til að þingið verði í sal og leiði mál til lykta. Þannig þurfum við að geta haldið okkar starf.

Á ÍSí þingi var kosið í stjórn og málum vísað til nefnda en síðan var þingi frestað.

Til hamingju með góða rekstrarniðurstöðu. Það var óvenjulegt á síðasta ári, mikil fundahöld um að fá stuðning við íþróttahreyfinguna í ljósi þess ástands sem við blasti og það sem af er þessu ári. Það er hægt að deila um það að þetta eigi að skila hærri fjárhæðum eða hvað. Finnst stjórnvöld hafa komið vel til móts við okkur en þetta var umfram mínar væntingar.

Málið snýst um að koma íþróttalífinu af stað af fullum krafti um leið og það er fært. Það hefur verið farið yfir það hér hvað þarf að gera, halda fólki við efnið og passa að missa ekki fólkið. Iðkendur hefur fækkað annarsstaðar þar sem verkefni næstu mánaða að ná starfinu af stað á nýjan leik. Þetta er breytilegt á milli greina en er viðfangsefni sem blasir við.

Vil nefna getsþá og getraunir. Afrakstur þessara tveggja fyrirtækja er eitthvað sem skiptir gríðarlega miklu máli, um 15 milljónir í tekjur af þessum fyrirtækjum til Blaksambandsins, lottótekjur og útbreiðslustyrkur. Það er enn ein nefndin farin af stað þar sem verið er að skoða happdrættismarkaðinn á Íslandi, þurfum að standa vörð um okkar fyrirtæki.

Ekki voru Ólympíuleikar í Tokyo á síðasta ári og eru á dagskrá í ár frekar. Vonandi verða þeir. Berast fréttir á hverjum degi og mikil óvissa. Allskonar íþróttaviðburðum er verið að fresta um allan heim í þessum heimsfaraldri, ekki bara hér á Íslandi.

Óska ykkur góðs gengis á þinginu og vona að þið eigið einstaklega gott blakár.

Þingforseti þakkar Hafsteini Pálssyni varaforseta ÍSí fyrir og býður Guðmundur Helga Þorsteinsson velkominn í pontu.

Gaman að sjá ykkur í dag. Ég er fyrrverandi framkvæmdastjóri BLÍ og er í stjórn CEV. Er einnig orðinn formaður Smáþjóðasamtakana núna um áramótin. Pólitíkin hefur verið erfið fyrir lönd eins og Ísland. Þurfum að hafa framtíðarsýn í keppnismálum. Fundaði með BLÍ í vikunni og er Ísland að teikna upp mótshald hér næstu árin. Þurfum að vera leiðtogar í því að halda mót og er bara mjög góð áætlun.

Við byrjuðum í verkefni árið 2019 BIGG4VB. Góðir stjórnunarhættir hjá blaksamböndum.

Starfsmenn BLÍ og margir hjá félögunum hafa unnið í þessu með gagnaöflun.

Króatíu, Austurríki, Slóveníu, Ítalíu og Pólland ásamt Íslandi í þessu verkefni.

Vegna Covid hefur ekki verið gert mikið en þó sést til lands í þessu. Þetta fellur saman um það sem við erum að gera á Íslandi, þ.e.a.s. að sambandið setji sér markmið og framtíðarsýn til að vinna eftir. Grundvallargildi sem blaksambandið stendur fyrir. Ætla að taka þessa 6 punkta.

Menn setji sér skrifleg markmið – grundvallarstefnu. Er eitt mikilvægasta málið í umhverfi BLÍ... ef sambandið hefur markmið þá verða klúbbarnir líka að hafa sín markmið.

Menn hafi framtíðarsýn, til fjögurra ára t.d. eins og í næstu verður ákveðið á fundi hvaða íþróttgreinar verði á Smáþjóðaleikum árið 2025, eftir 4 ár. Því miður er ekki blak eða strandblak á næstu leikum árið 2023 á Möltu.

Fjárhagslega þarf líka framtíðarsýn. Gaman að sjá að fjárhagurinn sé traustur núna en hann hefur ekki alltaf verið þannig og segir sögu frá því fyrir 25 árum þegar reynt var að setja á iðkendagjald.

Blak er vara. Við þurfum að hanna okkar eigið vörumerki til að auka gæði starfsins og að menn kaupi blakíþróttina til sín. Við þurfum að leggja áherslu á að blak er ein stærsta íþróttagreinin í heiminum með 222 aðildarríki. Við erum með fleiri aðildarríki en fótboltinn. Verðum að reyna að fá aðstöðuna bætta.

Jákvætt sem er að gerast hjá sambandinu, fjölgun starfsmanna. Það þarf 6-10 manns til að reka eitt stykki blaksamband. Í gamla daga var maður þetta allt, mótastjóri, framkvæmdastjóri og leikmaður – þetta er búið sko. Það þarf meira af fagaðilum að rekstrinum. Við þurfum að hafa meira af starfsfólki og fá aðra til að koma inn með nýja sýn.

Samþætting við það sem Burkhard er að gera, vinna í skólanum, þróa leikmenn og þjálfara. Við erum ekki að ná að klára verkefnið en þetta er samt að gerast í rauntíma hjá BLÍ.

Ná inn þessum breiða hóp af krökkum. Það er ekki nóg að hafa skólablak heldur verða félögin að koma inn í þetta líka og taka við þeim sem eru hæfileikaríkir blakmenn og sinna þeim með þjálfun.

Fjölga keppnum er mikilvægt og að viðburðadagatalið sé klárt fyrir næsta tímabil sem dæmi. Þetta hefur vantað hjá okkur og hægt er að klína á mig líka þar sem keppnisdagatal er ekki klárt hjá SCA. Blaksambandið hefur sent bréf til SCA um að BLÍ vilji halda keppni á þessu ári og næsta – og er fyrst til að tilkynna um það.

Þakka fyrir mig og vil þakka formanni, framkvæmdastjóra og stjórninni fyrir að leyfa mér að vera með í dag. Hvað þýðir það að vera farsælt blaksamband? Við þurfum að hafa skipuritið gott og skipulagið í lagi.

Þingforseti þakka Guðmundi Helga fyrir.

Burkhard Disch kynnti sig sem afreksstjóra BLÍ og fékk góða tilfinningu þegar hann mætti hingað og sá fjölda fólks sem hefur áhuga á starfsemi Blaksambandsins. Sambandið og félögin verða að vinna saman í uppbyggingunni sem er þegar hafin. Í pontu lýsti hann yfir miklum möguleikum á öllu landinu. Vill hátt markmið, góð markmiðasetning virkar aðeins ef við trúum á samheldni... þetta virkar aðeins ef allir vinna saman.

Þingforseti þakkar Mr. Disch fyrir.

Laga- og leikreglnabreytingar kl. 11.23

Grétar flytur tillögu um lagabreytingu. Tillögu vísað til Laganefndar.

Lagabreyting snýr að aga- og úrskurðarnefnd og áfrýjunardómstól BLÍ. Greinir lesnar upp, sjá í viðaukum við þinggerð.

Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið. Ekkert hefur borist ennþá en mælendaskrá er opin

Gunna Stína kemur í pontu. Hefur skoðanir og setur þá fram. Takk Guðmundur Helgi. Vill láta taka upp leikmannasamninga og það fyrir BLÍ. Samþykktir fyrir erlenda leikmenn. Félagaskipti alþjóðleg.

Annað sem stendur í sambandi við veikindi leikmanna. 5. gr. um frestanir leikja, má ræða þetta?

Barbara Meyer Hamar. Varpar því fram að reglugerðinni um bikarkeppninni. Þegar lið keppa saman – kostnaður vegna ferða aðkomuliðs. Mismunandi hvað flug kostar og hitt og þetta. Lagt til að annað hvort borgar liðið sjálf eða öll liðin í bikarkeppninni. Þetta verði endurskoðað í reglugerð.

Sigurður Jón Hreinsson frá Vestra: Vorkennir ekki liðum á höfuðborgarsvæðinu þegar kemur að ferðakostnaði. Þetta setur ekki deildirnar um hausinn, Barbara talaði um mismunun.

Nefnir líka leiki sem Vestri missti, 4 heimaleikir og auka útileikur og ferð. Þetta var auðvitað þröng staða. Takk fyrir mig.

Þingforseti leggur til að þetta verði lagt inn í allsherjarnefnd til umræðu. Matur er kl. 12.00 en fram að þeim tíma verði þessi myndataka með Guðmundi Helga Þorsteinssyni.

Reglugerðarbálkur sem liggur fyrir þinginu þar sem nokkrar breytingar eru er vísað beint til allsherjarnefndar. Að því sögðu tökum við þinghlé.

Þinghlé

Nefndarstörf kl. 13.00

kl. 14:30.

Þingforseti biður þingheim um að fá sér sæti þar sem þinghald getur haldið áfram eftir nefndarstörf.

Fjárhagsnefnd, Árni Jón kemur í pontu og gerir grein fyrir störfum nefndarinnar. Það var góð umræða í nefndinni og skoðað hvernig hægt er að útbreiða íþróttina enn frekar, stór hverfi sem væri ekkert starf, s.s. eins og Leiknir og ÍR. Skólablakverkefnið er þarna gríðarlega mikilvægt og skiptir máli að félögin búi til leiðina fyrir krakkana og séu með skipulagðar æfingar.

Annar punktur sem við ræddum var þessi hagnaður og hvernig hægt er að nýta hann fyrir blakið. Eitt af því sem hægt væri að gera er að koma íþróttinni okkar í sjónvarp. Búa til vöruna BLAK og leggja peninga í það – selja þessa vöru. Sjáið t.d. á KA TV og það sem þeir eru að gera.

Væri kannski sniðugt að búa til nefnd sem býr til þessa vöru og pakka fyrir fyrirtækin að kaupa og þannig fengjum við meiri pening inn í sambandið – t.d. að nota þá í landsliðs eða afreksstarf.

Þarna erum við að sá fræjum fyrir framtíðina.

Með grasrótina – hafa fleiri mót fyrir krakkana, t.d. að eiga boli fyrir það að hafa tekið þátt í einhverju, tökum sem dæmi öldungamótsbolina

Þurfum ímyndarsköpun í þessu.

Hvort væri skynsamlegt að breyta fjárhagsárinu þannig að það sé frá september til ágúst. Skoðuðum það á sínum tíma en er ekki hægt þar sem þetta er bundið í lög ÍSÍ að nota almanaksárið. Þingforseti staðfestir það.

Fjárhagsáætlun miðar að því að við notum 44 milljónir í afreksmál en það er gert með það að leiðarljósi að COVID væri ekki. Sjáum hvað setur.

Lagt til að hækka iðkendajgaldið hækki upp í 4500. Samþykkt samhljóða

Lagt til að rekstraráætlun fyrir árið 2021 lögð fyrir óbreytt. Samþykkt samhljóða.

Grétar Eggertsson gerir grein fyrir störfum Laganefndar.

Breytingar varðandi Aga- og úrskurðarnefnd og dómstól

Hér er breytingatillaga á þeirri sem liggur fyrir þinginu.

Af hverju aga- og úrskurðarnefnd?

Af hverju dómstóll?

Það er fyrst og fremst til að vera með hlutlausan aðila til að úrskurða um þau mál sem upp koma þannig að þetta sé ekki á borði stjórnar BLÍ eins og hefur gerst.

Sambærilegar tillögur að dómstólum eins og hjá HSÍ og KKÍ.

Breytingin er “fyrsta dómstig” sem var ekki í upprunalegu tillögu.

Einn aðalmanna áfrýjunardómstóls BLÍ þarf að vera löglærður.

Er semsagt þannig að aga- og úrskurðarnefnd setur fram úrskurð og þá geta málsaðilar áfrýjað til áfrýjunardómstólsins sem er þá æðsta dómstig BLÍ.

Spurning frá Dagbjörtu um aðrar nefndir. Þarf að hafa í reglugerðinni um að ákvarðanir annarra nefnda þannig að það sé hægt að kæra þær ákvarðanir – þannig að þær séu ekki endanlegar?

Ein viðbót um kærufrest og sá tímarammi sem menn hafa til þess að áfrýja, erum að horfa á 24 klst. og það sé þingfestingargjald sem er ákvarðað af stjórn og hugmynd að 25.000 kr. og ef menn vinna málið þá sé það endurgreitt.

Vilja þingfulltrúar ræða þessa breytingatillögu? Er meira tæknilegt atriði.

Enginn hefur kvatt sér hljóðs og þá berum við þá breytingar upp 16., 17., 18. og 19. grein – borið upp í einu lagi og samþykkt samhljóða.

Nú þarf að leita afbrigða. Það er vilji stjórnar að kosið verði í þessa nefnd á þingi og láðist stjórninni að gera lagabreytingu í grein 8 um störf þingsins og dagskrá. Vantar inn í lið 13 að kosið verði um áfrýjunardómstól BLÍ.

Leita afbrigða og samþykkist því hvort við tökum upp þessa lagabreytingu og getum þá kosið á eftir í dómstólinn. Samþykkt samhljóða.

Opnum 8. grein og bætum við í lið 13 “, áfrýjunardómstól BLÍ”. Lagabreyting borin upp og samþykkt samhljóða. Kosið í hana á eftir einhverja löglærða.

Dagbjört Víglundsdóttir gerir grein fyrir störfum **Allsherjarnefndar**.

Byrja á því að þessi þrjú mál sem komu upp fyrr í dag um alþjóðleg félagaskipti, frestanir leikja vegna affalla leikmanna og ferðakostnað í bikarkeppni – vísun því til meðferðar stjórnar og umræðu þar.

Reglugerð um iðkendagjald. óbreytt úr nefnd

1.4 Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni. Óbreytt úr nefnd.

Var þó uppi umræður um hvað sé deildakeppni og hvað ekki. Það er skýrt að 2. deild og neðar kallast deildakeppni, úrvals og 1. deild ekki deildakeppni.

1.12 Færð fram um tvær vikur, dagsetningar þannig að fyrirkomulag verði fyrr klárt fyrir næsta keppnistímabil. – óbreytt úr nefnd.

2.2. Kemur breytt úr nefnd er varðar kynningu á fyrirkomulagi úrslitakeppninnar skal fara fram á formannafundi að hausti og ákvörðun um fyrirkomulag skal liggja fyrir 1. leik í Íslandsmóti

5.9. – stroka út BLÍ - óbreytt úr nefnd

2. grein bikarkeppni. Óbreytt úr nefnd.

Kom upp umræða varðandi hvenær heimaleikjarétturinn ætti að fylgja og hversu langt sá nær í keppninni. Ekki voru allir sammála að þetta ætti að ná fram að undanúrslitum heldur ætti að hafa þetta bara 8 liða úrslit. – Nefndin leggur þetta fram óbreytt en ef einhver vill gera breytingatillögu.

7. grein bikarkeppni. Breytt úr heimabúningi í AÐALBÚNING

Meistarakeppni BLÍ 4. grein – þátttökuliðum strokað út - óbreytt úr nefnd.

Frestanir leikja. 4. grein. Flugleið og bókað flug – breyting.

Umræða um flugleið samdægurs – flug um morgun en ekki seinni partinn. Er lagt þannig til atkvæðagreiðslu.

Reglugerð um búninga. óbreytt úr nefnd.

Allar greinar samþykktar nema 2. grein í Reglugerð um Bikarkeppni.

Umræða um reglugerð um Bikarkeppni. Orðið er laust

Guðrún Kristín tekur til máls.

Ágæti þingheimur. Við höfum rætt þetta í stjórn meistaraflokksráðanna í Aftureldingu. Við lásum reglugerðina og skildum hana ekki eins og hinir. Okkur finnst að það lið sem dregið er upp úr pottinum fyrst fái bara heimaleikinn. Þetta er lottó en okkur finnst mikilvægt að úrvalsdeildarlið fái heimaleik. Eignum að halda réttinum þannig að það lið sem fyrr er dregið upp á heimaleikinn.

Arnar Már frá KA. Eins og ég sé þetta þá eru úrvalsdeildarliðin að koma inn í 8 liða úrslitum eða jafnvel einni umferð fyrr. Mér og okkur finnst allt í lagi að stóru liðin fari á minni staðina og keppi þar í þeirri von að húsið fyllist þar, við fáum ekki húsfylli að mæta minni liðunum á okkar heimavelli. Held að þetta sé líka kynningaratriði fyrir íþróttina. Fyrir mitt leyti græði ég ekki meira á því að fá heimaleikinn í 8 liða úrslitum.

Sigurður Hreinsson Vestri. Man ekki hvort ég kynnti mig áðan, er formaður blakdeildar Vestra. Varðandi þessa breytingu þá er ég sammála Arnari í KA að Davíð á meiri möguleika á að fylla pallana en Golfat. Þekki það að vera minna lið í svona keppni, þegar stóru liðin koma þá kemur fólk á pallana að fylgjast með því og mikil stemmning. Styð þessa tillögu eins og hún liggur fyrir.

Grétar. Sat ekki í umræðunni en þar sem maður horfir á í þessu þá er í raun fjöldi liða í 8 liða úrslitum að það séu lið í úrvalsdeildarliði. Það eru meiri líkur á að minni liðin mæti úrvalsdeildarliði á þessu stigi og ekkert ólíklegt að stundum verði bara 8 lið úrvalsdeildar í pottinum.

Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs.

Tillagan sem kom úr nefndinni. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu.

Allur reglugerðarbálkurinn borinn upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Nefndaráliti og tillögu afgreiðslu lokið.

Ákveðið gjald ævifélaga.

Grétar Eggertsson kemur upp og leggur til gjald ævifélaga. Lagt er til að gjaldið verði óbreytt, 100.000 kr.

Lagt fram og samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Guðrún Kristín Einarsdóttir:

Umgjörð á leikjum í efstu deildum. Langar að ræða núna af því það kemur við kvennalið okkar. Það er umgjörð á úrslitaleikjum. Frábær umgjörð í karlakeppninni. Þetta virðist hafa dottið upp fyrir í Kófinu. Var ekki neitt og eiginlega bara eins og hver annar æfingaleikur. Voru krýndir Íslandsmeistarar eftir þennan oddaleik – ekkert var umleikis völlum, umgjörð slæm. Skilti t.d. Íslandsmeistarar 2021. Af hverju er BLÍ ekki með flottari umgjörð – ljósmyndarar, skilti, taka hópmynd. Set spurningamerki við þetta, þegar um hreina úrslitaleiki er að ræða, hvergi staður fyrir RÚV t.d. til að taka upp í Fagralundi.

Fagrilundur. Ekki löglegur keppnisstaður. Félögin þurfa að ýta á bæjarfélögin á hvernig umgjörð við höfum um okkar leiki. Bláðamenn hafa ekki áhuga á að mæta eða sjónvarpstökumenn nenna ekki að mæta.

Kröfurnar um góða umgjörð – það á ekki að slá af henni. Við fáum ekki góða umfjöllun nema við komum þessu frá okkur líka. Ánægð með að ljósmyndarar mættu. Það þarf alltaf að passa uppá þetta. Dæla úr leikjunum ef við erum með þær inná samfélagsmiðlana.

Sum félögin eru að gera þetta sjálf og er mjög stór partur af því að gera.

Vil leggja þetta inn í umræðuna svo BLÍ sé meðvitað um að umgjörðin verður að vera í lagi. Ekki taka úr sambandi ritaraborðið – fólk missti af verðlaunaafhendingu útaf þessu.

Samskiptaform milli BLÍ og félaganna. Við fáum alla pósta sem formenn. Var að velta því fyrir mér að flest félögin eru með aðra aðila innan félagsins og stjórna sínum deildum. Vil að það sem snerti yngriflokkaráðið sé sent beint þangað. Vil ekki hætta að fá póstin en er ekki hægt að koma þessu þannig að þau séu líka að sama pósti.

Barbara Meyer frá Hamar tók til máls.

Tek undir þetta með umgjörð leiks. Það tala allir um að umgjörðin í bikarkeppninni hafi verið flott en mér finnst ekki gott að sjá t.d. ljótt gamalt borð fyrir gosdrykki. Hafa áhorfendasvæðið flottara og þar fyrir aftan líka í lagi – er ekki bara völluminn.

Ég var pínulítið svekkt að sjá RÚV ekki á úrslitaleikjum karla. Það var Kristín sem tók upp á eitthvað á símanum sínum og sendi á RÚV fyrir fréttirnar. Veit ekki af hverju RÚV kom ekki eins og þeir gerðu kvennamegin. BLÍ þarf að íta á eftir

Óli svaraði þessu úr sæti þannig að RÚV fékk pósti og það loforð að þeir myndu mæta á leik 2 á Akureyri og Leik 3 ef þetta færi þangað. RÚV gleymdi sér síðan.

Ekki sátt með þetta og við getum ekki sætt með þetta.

Varðandi umgjörð hjá félögunum. Mikið passað upp á sóttvarnir hjá Hamri og svo þegar liðið fór í útileik var ekki passað upp á neitt. Liðin þurfa að tryggja öryggi beggja liðanna. Liðin áttu ekkert að hittast fyrir leik og var í raun erfitt að standa í þessu.

MVP eftir hvern leik og vil ég stinga upp á því að þetta væri bara gert meira. Vil líka gera þetta fyrir tapliðið líka, þ.e.a.s. besti leikmaður í báðum liðum, gull og silfur peningur t.d.

Við í Hamri gerðum þetta vel fannst mér og ekki var mikill kostnaður í þessu, ég gerði þetta persónulega bara. Hvet önnur félög að taka þetta upp.

Að lokum vil ég segja að mér finnst verðlaunapeningur BLÍ vera glataður. Það er ekki boðlegt að verðlaunahafa fái svona peninga þar sem ekki er hægt að lesa áletrun aftan á einu sinni, pínulítill og þunnur. BLÍ þyrfti að taka til skoðunar að hafa veglegri peninga og kannski öðruvísi í bikar með Kjöríslogói eða eitthvað slíkt. Öðruvísi peningar fyrir mismunandi keppnir.

Hestamótspeningar eru öðruvísi. Leiðinlegt að fá alltaf BLÍ pening.

Þingforseti. Þökkum góðar ábendingar.

Arnar Már. Vil vera sammála flestu. Það vantar eftirlit á umgjörðina frá BLÍ. Það er mjög flott að velja mann leiksins. Við þurfum líka að samræma þetta kannski. Hvernig ætlum við að hafa umgjörðina. KA er t.d. með myndir. Þurfum að hafa kannski sameiginlegan myndagrunn þar sem hægt er að henda linkum. Þurfum kannski að hafa fund fyrir utan formannafundi, leið til að fylgja og allir geta gert en er samt góð.

Grétar biður um orðið. Við ætlum að afhenda hér viðurkenningar, silfur merki BLÍ. Arnar Már, Sigurður Jón og Sigríður Þrúður sem fá silfurmerki BLÍ.

Vel unnin störf innan hreyfingarinnar og við skulum klappa fyrir þeim.

Grétar ætlar að bregðast við ábendingum, tillögum og skömmum.

Kosturinn við þing eins og þetta hér fær maður upplýsingar, góðar og þarfar ábendingar. Snýr að BLÍ að fylgja eftir þeirri umgjörð og það er líka ljóst að það er misjafnt í félögunum hvernig þau eru búin.

Við sjáum líka að þegar við erum að skapa ímynd um íþróttina þá skiptir umgjörðin gríðarlegu máli. Það er skýrt hvað á að vera til staðar á leik. Það er þörf ábending um það að við þurfum að setjast niður á formannafundi hvers árs og BLÍ þarf að hafa eftirlit og beita sektum ef þess þarf.

Við þurfum að taka þá leiðu leið að sekta ef félögin vilja ekki.

Hvað viljum við bjóða uppá. Útsendingarmál hafa verið í betri farvegi og er núna í öllum húsum. Næsta skref er að hækka umgjörðina. Það var ekki ásetningur að slökkt hafi verið á myndavélinni.

Ef við ætlum að stækka þurfum við að taka ábyrgð á því sem við gerum. Þurfum að fylgja því eftir, allt sem snýr að því að við komum að verðlaunum eða slíku. Það er t.d. eins og með stuðningsaðila í deildinni, erum ekki að fara að prenta út viðurkenningarskjöl fyrir hvern leik, sambandið ætti ekki að stýra þessu. Félögin eru í ágætis málum. Við vorum með áhorfendaleik í Aftureldingu hér áður fyrr. Vinna að útvega vinninga en það kostaði ekkert nema vinnuna, léttara að fá vörur heldur en peninga.

BLÍ þarf að leiða línuna, hvað er hægt að gera og hvað eru félögin tilbúin að gera. Við þurfum að vaxa á sama hraða. Já klárlega, þurfum að bæta umgjörðina og taka samtalið um hana. Þetta er líka metnaðarmál – að hafa umgjörðina í lagi. Þegar ég kem á minn leikstað þá er ég að bjóða í heimsókn heim til mín. Þetta er mitt heimili.

Útsendingarmál er svo mjög stór hlutur. Við erum á þeim stað í dag að fara að skapa þessa ímynd. Grunnurinn sem hefur verið byggður síðustu árin, grunnur í afreksstarfi, möguleikar og kjarni til að búa til vöru, búa til ímynd til að selja. Samtakamáttur að búa til þessa vöru og selja hana. Dæmið um körfuboltann sem var hér áðan, hef horft á báðar greinar í kvennaflokki, erum með efnivið, það voru betri íþróttamenn í blakinu.

Fínar ábendingar sem við fáum. Ef við fáum ekki að heyra neitt þá gerum við þá eins sem er auðveldast.

Gagnvart hlutum eins og aðstöðu og húsnæði. Fagrilundur hefur komið hér á borðið. Veit að HK vill fara annað með sína umgjörð. Við þurfum líka að stíga varlega til jarðar að um leið og við erum að vaxa að við erum líka í varnarbaráttu á mörgum stöðum á landinu.

Spurning á sal. Hvað er að Fagralundi?

Undanþága var um áhorfendaaðstöðu. Svo er netið yfir vellinum í sem gerir keppni ólöglega, er bara 6,3 en á að vera 7 m.

Erum í viðræðum við HK og aðalstjórn um aðstöðumál HK – kannski komast upp í Digranes.

Samskiptamál. Þetta er kannski ekki flókið en réttir tengiliðaupplýsingar þurfa að birtast. Félög þurfa líka senda þegar breytingar verða og slíkt. Enginn að spá í að skipta úr upplýsingum.

Fréttáflutningur og fjölmiðlar. Getum gert betur á meðan fjölmiðlar sýna okkur ekki áhuga, leiðin er þannig að við þurfum að gera þetta sjálf. Þar til við erum komin á réttan stað. Við þurfum að bera ábyrgð á fréttáflutningi. Blakfréttir hafa borið höfuð og herðar á umfjöllun. Hefur sína kosti og galla en gallarnir eru að félögin sjá ekki lengur tilgang í að senda upplýsingarnar. Ef blakfréttir eru ekki að fá þá útbreiðslu sem það á að fá. Við eigum að koma tengiliðunum í stóru fjölmiðlana en ekki gleyma staðarmiðlunum. Þetta er vinna og fólk þarf að committa sig í þessu, dugar ekki í annað hvert skipti eða þriðja hvert – eða bara þegar ég vinn.

Hvernig seljum við okkur á samfélagsmiðlum. Það er mikið inni og margt óunnið. Ef við náum að keyra samfélagsmiðlana upp. Ef þú vilt vera sýnilegur þá er það vinna. Okkar hlutverk er að gera fólk þetta sýnilegra og betra.

Sigurður í Vestra. Vil spila áfram með þennan bolta sem Grétar var að gefa upp þarna áðan. Við þurfum að stækka hópinn í utanumhaldinu heima fyrir, gera 2-3 aðila ábyrga fyrir umfjöllunum. Það er stór plús að allir vellir séu með myndavélar. Þetta er ákveðið tækifæri sem tækniþróun er að gefa okkur, youtube rásir eru útbreitt apparat. Þarna er smá tekjulind fyrir okkur en eitt af því er að gera samning við youtube rás sem sendir út og þá get ég gert samning við fyrirtæki um stuðning. Það skiptir allt máli og getur þetta líka verið þínu hluti af ímynd félaganna, við stöndum okkur vel í körfu, blaki, fótbolta. Þetta er ekki bara samkeppni og er líka samvinna. Ef við getum stutt hvort annað og vaxið.

Aðeins kem inn á COVID. Tengir alveg við að sóttvarnarfulltrúi míns félags hafi ekki alltaf staðið sig nógu vel. Það er spurnign um húsin, ef allir eru ekki að gera þetta eins. Það er bara leikur í fullu og svo eru bara allt í einu mættir 40 handboltamenn, þeir voru bara mættir, fólk var bara komið inn og blessunarlega varð ekkert smit út frá þessu. Þarna finnst mér að húsin séu meira vakandi um að hleypra fólk inn og svo þar fram eftir götunum.

Ekki voru fleiri sem kváðu sér hljóðs. Dagskrárlið lokað.

Kosningar

Kosning formanns, Grétar Eggertsson í framboði til tveggja ára og hann réttkjörinn formaður til tveggja ára. Þingheimur staðfestir með lófataki.

Tveir meðstjórnendur til tveggja ára.

Steinn Einarsson og Valgeir Bergmann

Sjálfkjörnir, þingheimur staðfestir með lófataki.

Þrjú í varastjórn til eins árs

Ásta Gylfadóttir, Fríða Sigurðardóttir og Hildur Mósedóttir

Sjálfkjörnar, þingheimur staðfestir með lófataki.

Skoðunarmenn reikninga

Hjörtur Bjarki Halldórsson og Davíð Búi Halldórsson

Sjálfkjörnir, þingheimur staðfestir með lófataki.

Skv. afbriðgðum sem voru samþykkt áðan þarf að kjósa í áfrýjunardómstól BLÍ

Tillaga um Benedikt Baldur Tryggvason, Jón Þór Þorvaldsson, Stefán Daníel Jónsson og eru þeir allir starfsmenn félagsmálaráðuneytisins og eru löglærðir aðilar. Unnur Elva Hallsteinsdóttir er til vara. Skoðast sjálfkjörin, þingheimur staðfestir með lófataki.

Þingforseti þakkar fyrir sig og þingritara og býður nýkjörnum formanni orðið til að slíta þingi.

Þingslit.

GrétarEggertsson, formaður BLÍ þakkar fyrir traustið fyrir þessu embætti með lokaræðu.

Þið sem þekkið mig þá hef ég nú ekki spilað marga leiki í blakinu en hef þó náð þriðja sæti með Steini í strandblakinu. Ég brenn fyrir íþróttinni og það kemur í gegnum mína konu og dætur.

Þakka kærlega fyrir mig og sérstakar þakkir fær það fólk sem er að fara úr stjórn, Árni Jón og Svandís ásamt henni Ásthildi. Árna Jóni afhent blómvöndur.

Margt sem maður horfir til og síðasta ár kannski ekki eins og það átti að vera. Við fengum tíma til að hugsa og skipuleggja framtíðina. Það sem er jákvætt er að við erum ekki í skuldum eftir þetta ár. Gefur okkur tækifæri til að eiga samtalið við fyrirtæki um að hjálpa okkur í að byggja upp en ekki greiða niður skuldir.

Afreksmálin eru áskoranir sem blasa við okkur núna en eins og Guðmundur Helgi kom inn á áðan þáerum við komnir með forskot á aðrar smáþjóðir að við ætlum að reyna að halda U19 mót í haus. Nevza móttin fara af stað í haust og fyrir A landsliðinu erum við að koma á laggirnar keppni í Janúar og í maí júní.

Burkhard og hans innsýn hefur hjálpað okkur mikið og hraðað þeim skrefum sem þarf að taka til að vinna markvisst í verkefninu.

Erum með góðan grunn, skólaverkefni til fjögurra ára og skýra stefnu í afreksmálum. Ef við berum okkur saman við aðrar greinar. Í dag erum við með 3200 iðkendur skv. felix. Handbolti og Karfan eru í kringum 6000 iðkendur og við eigum að vera þar.

Hættum að vera með minnimáttakennd yfir því að vera í blaki. Við stöndumst það fyllilega að gæðin í íþróttinni er til staðar. Við höfum rætt þetta í stjórn og við Burkhard.

Ísland á jafna möguleika á að fara á stórmót í blaki eins og í körfu og handbolta. Klappað fyrir sigri í móti í Skotlandi hjá Thelmu og Jónu.

Tækifærin eru í útsendingarmálum. Sjónvarpsmarkaðurinn hér heima er að breytast gríðarlega. Eru breytingar hjá stöð2 sport og RÚV og GE á bókaðan fund í næstu viku til að ræða hlutina. Til þess að vera í sjónvarpi og það er alveg ljóst að við bjóðum ekki efni í sjónvarpi sem hefur ekki aðdráttarafli. Við erum komin með grunninn núna, við erum með vöru og það þurfum við að selja.

Við getum ekki kvartað og kveinað ef við sjálf berum ekki virðingu fyrir því sem við erum að gera. Vera stolt of ná okkar markmiðum

Þakka þingforseta, starfsmönnum og veitingahaldara og ykkur þakka ég ykkur kærlega fyrir. Hlakka til næsta vetrar en ekki gleyma sandinum.

Að lokum vil ég þakka fyrir mig og óska ykkur góðrar heimferðar þá segi ég 49. ársþingi BLÍ slitið.

Þingslit er 16.05

Sævar Már Guðmundsson ritaði þinggerð (sign)

Valdimar Leó Friðriksson þingforseti (sign)

Samþykkt af formanni BLÍ, Grétari Eggertssyni (sign)

Viðaukar við þinggerð 49. ársþings BLÍ haldið í Reykjavík 5. júní 2021.

Þingskjöl koma í þeirri röð sem þau voru samþykkt

Þingskjal 1

Samanburður á rekstrarreikningi 2019, 2020 og áætlun 2021

Til ársþings BLÍ, 5. júní 2021

	Áætlun 2021	Rekstur 2020	Rekstur 2019
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir.....	34.000.000	29.530.132	34.634.258
Mótatekjur.....	18.000.000	8.422.459	15.075.195
Aðrar tekjur.....	20.000.000	4.249.433	19.795.429
	72.000.000	42.202.024	69.504.882
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn.....	24.000.000	18.669.816	20.301.748
Íþróttaleg viðskipti.....	44.000.000	14.746.952	45.430.484
Kynning og fræðsla.....	2.500.000	1.605.984	2.237.397
Önnur gjöld.....	750.000	173.167	812.893
Afskriftir.....	250.000	501.000	250.000
	71.500.000	35.696.919	69.032.522
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	500.000	6.505.105	472.360
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....	1.500	124.628	26.601
Vaxtagjöld.....	(400.000)	(436.015)	(380.622)
	(398.500)	(311.387)	(354.021)
Hagnaður (tap) ársins	101.500	6.193.718	118.339

Lög BLÍ

17/01/2019

Lög Blaksambands Íslands

1. gr.

Blaksamband Íslands (BLÍ) er æðsti aðili um öll blakmál innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).

2. gr.

Blaksamband Íslands (BLÍ) er samband héraðssambanda/íþróttabandalaga og sérráða þeirra, og eru þau öll félög innan ÍSÍ, er iðka, æfa eða keppa í blaki, aðilar að BLÍ.

2.1 gr.

Hafi aðeins eitt félag innan héraðs eða íþróttabandalagsins iðkun blaks á stefnuskrá sinni, getur það félag verið aðili að sérsambandinu, ef héraðs- eða íþróttabandalagið samþykkir. Ef fleiri en eitt félag innan héraðs- eða íþróttabandalagsins hafa iðkun blaks á stefnuskrá sinni hefur Blaksamband Íslands heimild til að hafa bein boðskipti við þau ef hlutaðeigandi héraðs- eða íþróttabandalag samþykkir.

2.2 gr.

Blaksamband Íslands er æðsti aðili innan ÍSÍ um sérfræðileg málefni íþróttagreinar sinnar.

3. gr.

Starf BLÍ er í meginatriðum:

a) Að hafa yfirumsjón allra íslenskra blakmála.

Breytingar merktar með rauðu

b) Að vinna að eflingu blaks í landinu og koma fram erlendis fyrir hönd blaksins. Með hæfilegum fyrirvara skal tilkynna framkvæmdastjórn ÍSÍ áætlanir og ákvarðanir um samskipti við útlönd.

4. gr.

Málefnum BLÍ stjórna:

a) Blakþingið.

b) Stjórn BLÍ.

5. gr.

Blakþingið fer með æðsta vald í málefnum BLÍ.

Blakþing sitja fulltrúar frá aðildarfélögum **sem eiga lið í Íslandsmóti** og sambandsaðilum BLÍ.

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga miðast við **efsta lið félags í Íslandsmóti þannig að:**

1. Félag með lið í úrvalsdeild hefur 3 fulltrúa

2. Félag með lið í 1. deild hefur 2 fulltrúa

3. Félag með lið í 2. deild eða neðar hefur 1 fulltrúa

Auk þess fær félag með fullt 6 manna lið í Íslandsmóti yngriflokka 1 fulltrúa. Hvert félag getur haft að hámarki 4 fulltrúa

Hvert hérðassamband/íþróttabandalag sem hefur blak innan sinna vébanda á rétt á einum fulltrúa óháð iðkenda fjölda.

Á blakþingi hafa aðeins þingfulltrúar atkvæðisrétt þó eingöngu fulltrúar aðildarfélaga og sambandsaðila sem eru skuldlausir við BLÍ.

Breytingar merktar með rauðu

Val fulltrúa á blakþing skal miðast mið fjölda iðkenda, félaga eða keppenda innan hvers héraðssamband/íþróttabandalags um síðastliðin áramót og skal þá tilgreina hver þessara kosta skuli gilda.

Heimilt er að blakþing sé pappírslaust ef hægt er að koma því við.

Þingið skal haldið árlega.

Stjórn BLÍ skal boða það með sannanlegum hætti með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Málefni, sem sambandsaðilar óska, að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn BLÍ minnst 21 degi fyrir þingið. Þá skal stjórn BLÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt tillögum og lagabreytingum, sem borist hafa, í síðasta lagi 14 dögum fyrir þing. Blakþingið er lögmeitt, ef löglega er til þess boðað.

6.gr.

Á blakþinginu hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt en auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt:

- a) Stjórn BLÍ, varastjórn og skoðunarmenn reikninga
- b) Framkvæmdastjórn ÍSí.
- c) Fastráðnir starfsmenn BLÍ og ÍSí.
- d) Fulltrúar blakdómarafélaga.
- e) Allir nefndarmenn BLÍ.
- f) Ævifélagar BLÍ.
- g) Heiðursformenn BLÍ

Auk þess getur BLÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til. Aðeins sá sem er í félagi sem iðkar blak innan sérráða eða héraðssambands, er kjörgengur fulltrúi þess á blakþingi. Hver fulltrúi hefur aðeins 1 atkvæði. Þegar langt er og dýrt að

Breytingar merktar með rauðu

sækja þingið eða annar fulltrúi veikist eða forfallast á síðustu stundu, þá má fulltrúi fara með fleiri en 1 atkvæði, þó að hámarki 3, en aðeins með atkvæði þess aðila, sérráðs eða héraðssambands (félags) sem hann er fulltrúi fyrir. Þó gildir þessi undanþága ekki um fulltrúa þeirra aðila, sem heima eiga þar sem þingið er háð. Umboð, sem jafnframt er beiðni til þingsins um að fulltrúi megi fara með fleiri en 1 atkvæði, verður að vera skriflegt og að vera frá stjórn hlutaðeigandi sambandsaðila.

7. gr.

Aukaping má halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Alla boðunar- og tilkynningarfresti til aukapings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- og leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum að öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda sömu reglur um það og um reglulegt blakþing.

8. gr.

Störf blakþings eru:

1. Þingsetning
2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins
3. Kosnar fastar nefndir:
 - a. Kjörbréfanefnd
 - b. Fjárhagsnefnd
 - c. Laganefnd
 - d. Allsherjarnefnd
4. Stjórn gefur skýrslu

Breytingar merktar með rauðu

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
6. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár
7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar, þær sem hafa komið.
8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa stjórn.
9. Þinghlé
10. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.
11. Ákveðið gjald ævifélaga
12. Önnur mál
13. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmenn reikninga og fulltrúa á íþróttþing
14. Þingslit

Fái fleiri en þeir sem kjósa á um jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá að nýju, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta atkvæða. Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv. 5. gr.3.málsgr.).

Ársskýrslu BLÍ, sem stjórnin skal leggja fjölrítaða fyrir þingið, svo og ágríp af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdarstjórn ÍSÍ og sambandsaðilum BLÍ innan tveggja mánaða frá þingslitum.

9.gr.

Stjórn BLÍ skipa 5 menn: Formaður, varaformaður, meðstjórnandi, gjaldkeri og fundaritari. Skal kjósa bundinni leynilegri kosningu, formann fyrst, síðan meðstjórnendur, sem skipta með sér störfum. Formaður er kosinn til tveggja ára í senn, sem og aðrir stjórnarmenn, og ganga tveir menn úr stjórninni á hverju ári. Kjósa skal einnig 3 menn í varastjórn til eins árs og taka þeir sæti ef aðalmaður forfallast og koma inn í sömu röð og þeir voru kosnir.

Breytingar merktar með rauðu

Tilkynning um framboð til embættis formanns og stjórnar BLÍ skal berast skrifstofu BLÍ minnst 14 dögum fyrir þing. Þó er heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar hafi nægjanlegur fjöldi ekki tilkynnt framboð sitt innan tilskilins frests.

Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk.

Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík.

Lok reikningsárs miðast við almanaksár.

10. gr.

Starfssvið stjórnar BLÍ er:

- a) Að framkvæma ályktanir blakþingsins.
- b) Að senda ÍSÍ árlega starfsskýrslu og aðrar lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- c) Að fylgjast með því að lög og leikreglur BLÍ séu haldin.
- d) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
- e) Að raða niður og ákveða stað og tíma fyrir Íslandsmót í öllum flokkum.
- f) Að úthluta þeim styrkjum til blaks, sem BLÍ fær til umráða.
- g) Að vera fulltrúi blakíþróttarinnar á erlendri grundu og sjá um að reglur varðandi greinina séu í samræmi við alþjóðareglur.
- h) Að vinna að stofnun nýrra sérráða og efla á annan hátt viðkomandi sérgrein í landinu.

11. gr.

Formaður BLÍ boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.

12. gr.

Breytingar merktar með rauðu

Blakráðin (héraðssamböndin) eru milliliður milli félaga sinna og stjórnar BLÍ. Þau skulu og senda henni allar skýrslur um mót sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánaðar eftir að mótinu lauk. Ársskýrslur sínar um störf sérráðsins (héraðssambandsins) og tölu virkra blakiðkenda í umdæminu, skulu þau senda stjórn BLÍ fyrir 1. ágúst ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á blakþinginu sbr. 5.gr.

13. gr.

Stjórn BLÍ hefur frjálstan aðgang að öllum blakmótum og sýningum, sem fram fara innan vébanda BLÍ. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

14. gr.

Ævifélagar BLÍ geta þeir orðið sem stjórn BLÍ samþykkir. Stjórn BLÍ ákveður réttindi ævifélaga hverju sinni. Heiðursfélaga BLÍ má stjórn BLÍ kjósa ef hún er einhuga um það.

Stjórn BLÍ er heimilt að tilnefna heiðursformenn Blaksambands Íslands.

Heiðursformenn BLÍ hafa rétt til setu á blakþingum og hafa þar málfrelsi en ekki atkvæðisrétt. Heiðursformenn BLÍ koma fram fyrir hönd sambandsins þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela þeim það.

Árlega skal Blakþingi vera tilkynnt um þá einstaklinga sem stjórn BLÍ tilnefnir sem Heiðursformenn.

15. gr.

Tillögur um að leggja BLÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmætu blakþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst 2/3 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur, er það fullgild ákvörðun um að leggja BLÍ niður. Skal þá afhenda ÍSÍ eignir BLÍ til varðveislu.

16. gr. Aga- og úrskurðarnefnd BLÍ

Breytingar merktar með rauðu

Ága- og úrskurðarnefnd BLÍ úrskurðar í öllum agamálum BLÍ og er jafnframt fyrsta dómstig í kærumálum, sem upp koma innan blakhreyfingarinnar.

Aga- og úrskurðarnefnd BLÍ skal skipuð þremur mönnum og a.m.k. einum til vara og skal a.m.k. einn aðalmanna vera löglærður. Stjórn BLÍ skipar einstaklinga í aga- og úrskurðarnefnd.

Nefndin starfar skv. reglugerð BLÍ um aganefnd og skulu ávallt þrír taka þátt í úrskurðum nefndarinnar.

Nefndin úrskurðar um viðurlög samkvæmt lögum þessum, reglugerð um aganefnd BLÍ og eftir atvikum öðrum reglugerðum BLÍ í málum gegn aðildarfélagum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, áhorfendum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga BLÍ.

17. gr. Áfrýjunardómstóll BLÍ

Áfrýjunardómstóll BLÍ starfar skv. reglugerð um áfrýjunardómstól BLÍ. Dómstóllinn skal skipaður þremur löglærðum einstaklingum og a.m.k. einum löglærðum til vara.

Dómarar skulu kosnir á blakþingi til setu fram að næsta blakþingi. Dómstóllinn kýs sér forseta sjálfur. Þjóði ekki nægur fjöldi löglærða einstaklinga sig fram á blakþingi skal Stjórn BLÍ tilnefna löglærða einstaklinga til setu fram að næsta þingi.

Um kærufrest og þingfestingargjald fer samkvæmt reglugerð um Áfrýjunardómstól BLÍ.

18. gr. Lögsaga

Dómstóllinn tekur fyrir áfrýjanir vegna úrskurða aga- og úrskurðarnefndar sem ekki eru endanlegir samkvæmt reglugerð um aga- og úrskurðarnefnd. Ákvarðanir dómstólsins eru endanlegar og bindandi fyrir málsaðila. Þó er heimilt að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild.

19. gr. Nánar um aga- og úrskurðarnefnd BLÍ og áfrýjunardómstól BLÍ

Aga- og úrskurðarnefnd BLÍ og áfrýjunardómstóll BLÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda BLÍ, sem varða lög og reglugerðir BLÍ eftir því sem við á.

Aga- og úrskurðarnefnd BLÍ og áfrýjunardómstóll BLÍ skulu lúta lögum þessum og reglugerðum og skulu ágreiningsmál gagnvart aðildarfélagum BLÍ, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga BLÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd BLÍ að áfrýjunardómstól BLÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum og reglugerðum BLÍ að reka málið fyrir nefndnum innan BLÍ en aldrei skal heimilt að reka ágreiningsmál fyrir almennum dómstólum.

20. gr. Gildistaka

Lög þessi öðlast gildi við samþykki þeirra á blaðþingi í júní 2021 og að lokinni staðfestingu framkvæmdastjórnar ÍSI og falla þá eldri lög úr gildi.

Samþykkt á 49. ársþingi BLÍ þann 5. júní 2021

Reglugerðir Blaksambands Íslands - BLÍ

Efnisyfirlit

Reglugerð um iðkendagjald	28
Reglugerð um leikmannasamninga	28
Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni BLÍ	29
1. gr. Úrvalsdeild, 1. deild og Deildakeppni (2. deild og neðar) BLÍ	29
2. gr. Fyrirkomulag Íslandsmóts BLÍ í Úrvalsdeild	30
3. gr. Fyrirkomulag Íslandsmóts BLÍ í 1. deild og í Deildakeppni	30
4. gr. Ákvæði frá dómara nefnd	31
5. gr. Leiðbeiningar um umsjón heimaleikja	31
6. gr. Heimild til mótanefndar	32
Reglugerð um bikarkeppni BLÍ	32
Reglugerð um meistarakeppni BLÍ	33
Reglugerð um haustmót BLÍ	34
Reglugerð um vormót BLÍ	34
Reglugerð um félagaskipti	35
Starfsreglur stjórnar vegna félagaskipta	36
Viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna	37
Reglugerð um frestanir leikja	37
Reglugerð um búninga í blaki í mótum á vegum BLÍ	38
Reglugerð um auglýsingar á búningum í mótum á vegum BLÍ	39
Reglugerð um bikara á vegum BLÍ	39
Reglugerð fyrir kosningu í lið ársins	39
1. gr. Kosning í lið fyrri hluta tímabilsins	39
2. gr. Kosning í lið ársins, á efnilegasta leikmanni Íslandsmótsins, besta leikmanni Íslandsmótsins, þjálfara ársins og dómara ársins.	40
3. gr. Einstaklingsverðlaun fyrir árangur	40
4. gr. Félagsverðlaun vegna umgjarðar	40
Agareglur Blaksambands Íslands	40
Starfsreglur dómara nefndar og dómara BLÍ	42
1. gr. Dómara nefnd	42
2. gr. Dómarar	43

Reglugerð um dómarasjóð.....	44
Reglugerð um merki BLÍ.....	44
1. gr. Heiðursmerki BLÍ.....	44
2. gr. Starfsmerki BLÍ.....	44
3. gr. Nýliðamerki BLÍ.....	45

Reglugerð um iðkendagjald

1. gr. Stjórn BLÍ skal innheimta iðkendagjald sem er ákveðin upphæð fyrir hvern félag blakdeilda sem eiga aðild að íþróttabandalagi eða héraðssambandi innan vébanda ÍSÍ eða taka þátt í mótum á vegum BLÍ s.s. Íslandsmóti, bikarkeppni, haustmóti og öldungamóti.
2. gr. Upphæð iðkendagjaldsins skal ákveða á ársþingi BLÍ á oddatöluári fyrir tvö ár í senn.
3. gr. Undanþegnir gjaldinu eru þeir iðkendur sem ~~spila í yngri flokkum og~~ eru 18 ára eða yngri **á því ári sem keppnistímabil hefst** ~~keppnistímabilinu.~~
4. gr. Iðkendur skulu standa skil á gjöldum sínum. Til að leikmaður teljist hafa leikheimild skal iðkandinn sjálfur hafa greitt iðkendagjaldið áður en hann er skráður á skýrslu í Íslands- og bikarmótum BLÍ annars telst hann ólöglegur.

Samþykkt á 47. ársþingi BLÍ 29. mars 2019

Reglugerð um leikmannasamninga

1. gr. Leikmannasamningar geta verið þrenns konar, atvinnusamningar, áhugasamningar og uppeldissamningar og skal BLÍ útvega félögum form að þessum leikmannasamningum. Leikmannasamningar eru aðeins gildir ef þeir eru gerðir á slík form og uppfylla þær kröfur sem fram koma í þessari reglugerð, öðrum reglugerðum BLÍ og reglum CEV og FIVB. Til þess að leikmaður teljist hafa leikheimild í Úrvalsdeild eða með b-liði félagsins í 1.d. skal hann hafa leikmannasamning, annars telst leikmaðurinn ólöglegur. Félögum/liðum í öðrum deildum er heimilt að gera leikmannasamning.
 - Atvinnusamning skal gera við leikmenn sem fá fastar greiðslur frá félagi fyrir að æfa og leika blak. Atvinnusamningur getur mest gilt í þrjú keppnistímabil í senn.
 - Áhugasamning skal gera við leikmenn sem ekki fá greiðslur frá félagi fyrir að æfa og leika blak og leika ekki með yngri flokkum félagsins. Áhugasamningur getur mest gilt í tvö keppnistímabil í senn.
 - Uppeldissamning skal gera við leikmenn sem ekki fá greiðslur frá félagi fyrir að æfa og leika blak og leika með yngri flokkum félagsins. Uppeldissamningur getur mest gilt í eitt keppnistímabil í senn.
2. gr. Leikmannasamningur skal vera skriflegur og skal koma fram tegund samnings, nafn viðkomandi leikmanns og kennitala, nafn félags og samningstímabil. Tímalengd samninga við erlenda leikmenn skulu vera í samræmi við útgefið dvalar- og atvinnuleyfi.
3. gr. Heimilt er að gera leikmannasamning við leikmann frá og með því almanaksári sem hann verður 14 ára. Ef leikmaður hefur ekki náð 18 ára aldri við undirritun samnings, skal samningurinn einnig undirritaður af forráðamanni leikmannsins.
4. gr. Óheimilt er að setja inn í samninga ákvæði sem takmarka rétt leikmanns eða félags við félagaskipti eða semja um það með öðrum hætti en kemur fram í reglugerð þessari.
5. gr. Afrit af öllum leikmannasamningum skulu vistuð hjá BLÍ og hafa borist skrifstofu BLÍ fyrir útgáfu keppnisleyfis. BLÍ skal halda sérstaka leikmannaskrá um alla samningsleikmenn. Þar skal koma fram tegund samningsins. Skráin skal birt á heimasíðu BLÍ.

Samþykkt á 48. ársþingi BLÍ 13. júní 2020

Reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni BLÍ

1. gr. Úrvalsdeild, 1. deild og Deildakeppni (2. deild og neðar) BLÍ

1.1 Íslandsmót Blaksambands Íslands skal leikið í Úrvalsdeild, 1. deild og Deildakeppni. Markmiðið með Úrvalsdeild er að bjóða upp á keppni í blaki í hæsta gæðaflokki. Markmiðið með 1. deild er að Úrvalsdeildarlið getið þróað leikmenn sem og að gefa öðrum félögum tækifæri að undirbúa sig undir keppni í Úrvalsdeild. Markmiðið með Deildakeppninni er að fólk geti stundað blak sér til heilsubótar og skemmtunar á keppnisgrundvelli.

1.2 Úrvalsdeild Blaksambands Íslands skal skipuð að hámarki 12 liðum.

1.3 1. deild Blaksambands Íslands skal skipuð b-liðum Úrvalsdeildaliða og öðrum liðum sem kjósa að keppa í 1.d. Verði lið í 1.d. fleiri 12 skal deildin verða riðlaskipt og mótanefnd falið að útfæra þá skiptingu nánar.

1.4 Deildakeppni Blaksambands Íslands skal leikin í jafn mörgum deildum og þurfa þykir hverju sinni. Efsta deild í Deildakeppni BLÍ er 2. deild. Þau lið sem ekki taka þátt í Úrvalsdeildinni eða 1.d. geta tekið þátt í Deildakeppni BLÍ. ~~Skrái félag með lið í Úrvalsdeild lið til keppni í Deildakeppni BLÍ en ekki lið í 1. deild, má það ekki heita b-lið.~~ **Félag með skráð lið í úrvalsdeild getur ekki telft fram b-liði í deildarkeppni, heldur eingöngu í 1. deild. Öll lið í deildarkeppni verða að bera annan bókstaf en B ef félagið á lið í úrvalsdeild.**

1.5 Lið Úrvalsdeildarinnar falla ekki úr henni nema ef um 12 liða deild sé að ræða. Þá fellur neðsta lið Úrvalsdeildarinnar í 1. deild óski efsta gjaldgenga lið 1. deildar eftir sæti í Úrvalsdeild. Úrvalsdeildarlið geta samt óskað eftir tilfærslu í 1.d. eða Deildakeppnina.

1.6 Sama stigakerfi, leikreglur og reglur um notkun leikmanna gilda í Úrvalsdeildinni 1. deild og Deildakeppninni nema að annað sé tilgreint. Til að vinna leik þarf þrjár unnar hrinur, hver hrina er upp í 25 en oddahrina er 15 stig. Tvö stig þarf að skilja á milli til að hrina vinnist. Ef spilað er með helgarmótafyrirkomulagi vinnst sigur í leik þegar tvær hrinur hafa unnist, annars sama fyrirkomulag.

1.7 Fyrir hvern unninn leik fær sigurliðið 3 stig, nema ef leikur endar 3 – 2 þá deilast stigin á milli liða þannig að sigurlið fær 2 stig og taplið 1 stig. Ef spilað er með helgarmótafyrirkomulagi fær sigurlið 3 stig nema ef leikur endar 2 – 1 þá deilast stigin á milli liða þannig að sigurlið fær 2 stig og taplið 1 stig.

1.8 Leikmanni er einungis heimilt að leika með og vera skráður í eitt lið í einu. Þó eru undanþágur frá þessari reglu fyrir leikmenn úrvalsdeildarliða og leikmenn í U-flokkum. Eftirfarandi undanþágur eru í gildi:

- Leikmaður Úrvalsdeildarliðs má leika með og vera skráður í b-lið félagsins í 1.d. samtímis. Hyggist leikmaðurinn leika með öðrum liðum félagsins þarf hann að fá löggild liðaskipti innan félagaskiptagluggans.
- Leikmenn í U-flokkum mega spila með liðum í öllum deildum þó eingöngu tveimur liðum síns félags hverju sinni (á sama tíma). Þrátt fyrir þessa undanþágu mega þeir einungis spila með einu liði á hverju helgarmóti í Deildakeppninni fyrir sig. Ætli leikmaður í U-flokkum að nýta sér þessa undanþágu þarf félag hans að tilgreina mótastjóra BLÍ með hvaða tveimur liðum leikmaðurinn muni leika á tímabilinu. Hyggist leikmaðurinn leika með þriðja liði félagsins þarf hann að fá löggild liðaskipti innan félagaskiptagluggans.

1.9 BLÍ er heimilt að selja nafn Úrvalsdeildarinnar, 1. deildar og deilda innan Deildakeppninnar. Slíkur samningur skal vera BLÍ og liðunum í viðkomandi keppni til hagsbóta.

1.10 Lið skulu tilkynna til BLÍ um fyrirhugaða þátttöku í síðasta lagi þann 15. maí ár hvert. Lið skulu skila inn leikmannalísta til BLÍ a.m.k. tveimur vikum fyrir fyrsta leik viðkomandi deildar. Félög skulu standa skil á iðkendagjöldum leikmanna liða félagsins áður en leikmaður er skráður á leiksskýrslu hafi þau ekki þegar verið greidd fyrir leikmanninn á tímabilinu. Lið í Úrvalsdeild og b-lið þeirra í 1.d. skulu standa skil á leikmannasamningum leikmanna sinna til skrifstofu BLÍ áður leikmaður er skráður á leiksskýrslu.

1.11 Öll lið í Íslandsmóti BLÍ greiða þáttökugjöld til BLÍ og skal liðum tilkynnt um upphæð gjalds fyrir næsta tímabil eigi síðar en 1. maí ár hvert. Liðin skulu greiða óendurkræft staðfestingargjald sem nemur 30% af þáttökugjaldinu fyrir 15. maí ár hvert. Afgang þáttökugjaldsins skal greiða fyrir 15. ágúst ár hvert.

1.12 Mótanefnd raðar upp mótinu miðað við staðfestar skráningar liða ~~15. júní~~ **1. júní** og skulu drög að mótahaldi vetrarins vera tilbúin a.m.k. í stórum dráttum ~~30. júní~~ **15. júní** ár hvert. Lið sem vilja halda helgarmót Deildarkeppinnar skulu sækja um það fyrir ~~15. júní~~ **1. maí** ár hvert.

2. gr. Fyrirkomulag Íslandsmóts BLÍ í Úrvalsdeild

2.1 Í Úrvalsdeild skal leikið í bæði karla- og kvennaflokki. Öllum blakfélögum á Íslandi innan ÍSí er heimilt að óska eftir þátttöku í Úrvalsdeildinni og skulu að hámarki 12 lið skipa deildina hverju sinni. Mótanefnd/mótastjóri BLÍ ákveður hverju sinni fjölda umferða eftir fjölda liða í Úrvalsdeild og tilkynnir liðunum. Standi fjöldi umferða á oddatölu, skal oddatöluumferðin leikin á sama hátt og 1. umferð (hvað varðar heima- og útileiki).

2.2 Að lokinni deildarkeppni Úrvalsdeildar hefst úrslitakeppni milli efstu liða um Íslandsmeistaratilinn. Mótanefnd/mótastjóri BLÍ ákveður hverju sinni fyrirkomulag úrslitakeppinnar eftir fjölda liða í Úrvalsdeild og tilkynnir liðunum. **Grunnreglan er sú að** spilað er til skiptis á heimavöllum liðanna þannig að liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli. **Mótanefnd hefur þó heimild til að útfæra fyrirkomulag úrslitakeppinnar á annan máta ef svo ber undir.** **Kynning á fyrirkomulagi úrslitakeppinnar skal fara fram á formannafundi að hausti og ákvörðun um fyrirkomulag skal liggja fyrir fyrir fyrsta leik á Íslandsmóti.**

2.3 Þegar lið/félög hafa samþykkt leikjaplan fyrir úrslitakeppnina eru þau ábyrg fyrir að útvega keppnisstað sem uppfyllir kröfur BLÍ. Geti félag/lið ekki útvegað hús á tilsettum degi skal BLÍ í samráði við það félag sem á heimaleikjarétt finna aðra lausn.

3. gr. Fyrirkomulag Íslandsmóts BLÍ í 1. deild og í Deildakeppni

3.1 Öllum blakfélögum innan ÍSí er heimil þátttaka og hefur hvert blakfélag rétt á að senda til keppni eins mörg lið og það óskar. Keppt er í bæði karla- og kvennadeildum frá 1. deild og niður. Lið skulu óska eftir sæti í 1.d. eða Deildakeppninni. Verði lið í 1.d. fleiri 12 skal deildin verða riðlaskipt og mótanefnd falið að útfæra þá skiptingu nánar. BLÍ raðar liðum Deildakeppinnar í deildir hverju sinni og hefur úrslit síðasta Íslandsmóts til hliðsjónar. Hver deild í Deildakeppninni skal að jafnaði skipuð 12 liðum en sé fjöldi liða þannig að ekki hægt sé að skipta þeim í 12 liða deildir er mótanefnd falið að útfæra þá skiptingu nánar.

3.2 Í 1. deild skal miðað við að lið leiki a.m.k. 14 leiki á tímabili. Leikið skal heima og að heiman. Standi fjöldi umferða á oddatölu, skal oddatöluumferðin leikin á sama hátt og 1. umferð (hvað varðar heima- og útileiki).

3.3 Að lokinni deildarkeppni 1. deildar hefst úrslitakeppni milli efstu liða sem ekki eru b-lið úrvalsdeildarliða um Íslandsmeistaratilinn í 1.deild. Leikin skal úrslitakeppni að hámarki fjögurra efstu liða. Mótanefnd/mótastjóri BLÍ ákveður hverju sinni fyrirkomulag úrslitakeppinnar eftir fjölda

liða og tilkynnir liðunum. Spilað er til skiptis á heimavöllum liðanna þannig að liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

3.4. Í Deildakeppninni (2. deild og þar fyrir neðan) er leikið í 3 helgarmótum. Vinna þarf 2 hrinur í leik sbr. reglu 1.6. Í 12 liða deildum skal á 1. og 2. helgarmóti spiluð einföld umferð, allir við alla, og skiptast þeir leikir á þessar 2 helgar. Á 3. helgarmóti skal spila í A úrslitum og B úrslitum þar sem 6 stigahæstu liðin samanlagt að loknum mótum 1 og 2 skulu spila í A úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn í viðkomandi deild en 6 stigalægstu liðin skulu spila í B úrslitum um B deildarmeistaratitil. Spila skal hreina úrslitakeppni þar sem öll lið byrja með 0 stig í upphafi úrslitakeppninnar. Ef deild inniheldur ekki 12 lið skal mótanefnd falið að útfæra keppnisfyrirkomulagið í þeirri deild yfir helgarmótin 3. Að jafnaði skulu þrjú efstu liðin í A úrslitum vinna sér sæti í næstu deild fyrir ofan á næsta tímabili (að undanskildum liðunum í 2. deild) og 3 neðstu liðin í B úrslitum falla í næstu deild fyrir neðan (sjá þó gr 1.5 og 3.1). Ef deild inniheldur ekki 12 lið skal mótanefnd falið að útfæra tilfærslu á milli deilda á milli keppnistímabila.

3.5. Hver leikmaður má einungis spila með einu liði á hverju helgarmóti fyrir sig. Leikmaður getur skipt um félag/lið á milli helgarmóta með löggildum félaga/liðaskiptum innan félagaskiptagluggans.

4. gr. Ákvæði frá dómaranefnd.

4.1 Til að öðlast þátttökurétt í Úrvalsdeild karla og kvenna þarf hvert karlalið og hvert kvennalið að tilnefna tvo virka dómara til að dæma fyrir þess hönd á keppnistímabilinu og skal annar vera landsdómari. Lið í 1. deild Deildakeppninnar skulu tilnefna a.m.k. einn virkan dómara. Hver dómari skal skuldbundinn til að dæma a.m.k. 10 leiki á keppnistímabilinu. Skal tilkynna til dómaranefndar fyrir 1. september ár hvert um þessa dómara, að öðrum kosti þarf að halda dómaranámskeið fyrir liðið. Dómaranefnd er heimilt að veita undanþágu ef til vandræða horfir en dómaranefnd skal a.m.k. halda eitt dómaranámskeið á ári.

4.2 Útvegi lið ekki þá dómara á keppnistímabilinu samkvæmt grein 4.1 skal sekta liðið um kr. 20.000- fyrir hvern dómara sem uppá vantar.

4.3 Hvert lið sem sækir um að halda helgarmót í Deildakeppninni þarf að fá leikreglunámskeið fyrir fyrsta helgarmót sem það heldur á tímabilinu. Hvert lið sem sækir um að halda helgarmót í Deildakeppninni þarf að leggja til a.m.k. tvo dómara fyrir hvern völlum sem notaður er í helgarmótinu sem skulu skuldbundnir til að dæma a.m.k. 80% leikja þess helgarmóts. Útvegi lið ekki tvo dómara fyrir hvern völlum sem notaður er í helgarmótinu er heimilt að sekta liðið um kr. 10.000- fyrir hvern dómara sem uppá vantar.

4.4 Ef dómari getur ekki dæmt þann leik sem hann er settur á ber að snúa sér til annars dómara. Dómarar geta skipt við aðra dómara. Héraðsdómari má ekki vera aðaldómari í Úrvalsdeild, meistarakeppni BLÍ eða í 8 liða, undan- eða úrslitum bikarkeppni BLÍ.

4.4 Dómarar skulu mæta ekki síðar en 30 – 40 mínútum fyrir leik. Ef dómari lætur ekki meðdómara eða heimalið vita að honum muni seinka vegna óviðráðanlegra atvika eða hreinlega mætir ekki til leiks án þess að tilkynna forföll og er ekki kominn í hús þegar hlutkesti fer fram geta fyrirliðar liðanna gert athugasemd um það á leikskýrslu. Ef sami dómari hefur fengið a.m.k. þrjár slíkar athugasemdir á leikskýrslu þá getur dómaranefnd meinað þeim dómara að dæma frekar á keppnistímabilinu.

5. gr. Leiðbeiningar um umsjón heimaleikja

5.1 Net skal vera uppsett og frágengið 30 mín. fyrir leik.

5.2 Netspírur, net, stígatöflur og tvö sett af skiptisþjöldum númeruð 1-20 skulu vera í lagi og skv. reglum þar að lútandi. Leikklukku skal nota í Úrvalsdeild með virku bjölluhljóði og niðurtalningu fyrir leikhlé.

5.3 Ritari, töflumaður, stigaritari og boltafólk skal vera tilbúið til starfa 40 mínútum fyrir leik. Stigaritun og ritun leikskýrslu má ekki vera innt af hendi af sama aðila. Ritari og töflumaður skulu starfa á svæði ritaraborðs og aðaldómari skal samþykkja aðstöðu stigaritara. Mælst er til þess að boltafólk noti innanhússkó og það verður að ráða við verkið.

5.4 Stigaritari skal undirrita stigaskorblað undantekningarlaust. Mælst er til þess að sami aðili sjái um stigatalninguna allan leikinn, slíkt er líklegra til að tryggja samræmi.

5.5 Fjórir keppnisboltar með réttum loftþrýstingi skulu vera til staðar 30 mín. fyrir leik.

5.6 Tónlist skal vera til staðar um leið og vallarsvæði er laust fyrir leik.

5.7 Fyrir hvern leik skal farið eftir neðangreindum tímaramma:

- 30 - 40 mín fyrir leik: Dómarar mæta til leiks og sjá til þess að ritari hefji störf við ritun leikskýrslu, mæla bolta, athuga skiptisþjöld og annan búnað sem þarf að vera til staðar og á að vera í lagi.
- 18 mín fyrir leik: Dómari flautar leikmenn af velli, mælir nethæðina og kallar til framkvæmdaraðila leiks ef laga þarf nethæð.
- 17 mín fyrir leik: Hlutkesti varpað í viðurvist fyrirliða sem staðfesta síðan leikmannalista liða sinna. Þjálfarar staðfesta leikmannalista liða sinna í kjölfarið.
- 15 mín fyrir leik: Formleg upphitun hefst.
- 12 mín fyrir leik: Þjálfarar skila inn sendiröðum til dómara.
- 5 mín fyrir leik: Formlegri upphitun lokið.
- 4 mín fyrir leik: Kynning leiksins, leikmanna, dómara og byrjunarliða.
- 30 sek fyrir leik: Aðstoðardómari fer yfir sendiröð liðanna.
- Settur leiktími: Leikur hefst með merki dómara um fyrstu uppgjöf.

5.8 Misfarist eitthvað af þessum atriðum verulega skal dómari gera athugasemd á leikskýrslu og er BLÍ heimilt að sekta viðkomandi félag um kr. 10.000-.

5.9 Eftir leik í Úrvalsdeild skal senda úrslit til **BLÍ** og fjölmiðla.

5.10 Heimalið ber ábyrgð á því að leikskýrslu sé hlaðið upp í mótakerfi BLÍ um leið og leiknum er lokið.

6. gr. Heimild til mótanefndar

6.1 Mótanefnd BLÍ er heimilt að breyta út frá reglugerð um fyrirkomulag Íslandsmóta ef ekki fæst næg þátttaka til að fullnægja skilyrðum reglugerðarinnar.

Breytt og samþykkt á 48. ársþingi BLÍ 13. júní 2020

Reglugerð um bikarkeppni BLÍ

1. gr. Keppnin er útsláttarkeppni. Öllum félögum innan BLÍ er heimil þátttaka og mega þau senda inn fleiri en eitt lið frá hverju félagi, a, b o.s.fv., leikmanni er þó einungis heimilt að leika með einu liði í keppninni og verður að vera skráður í það lið félagsins eða eitt þeirra liða sem standa að sameiginlegu liði félagsins í bikarkeppni BLÍ þegar leikurinn fer fram.

2. gr. Keppt skal samkvæmt útsláttarfyrikomulagi, þannig að sigurvegari leiks heldur áfram keppni en taplið er úr leik. Mótanefnd BLÍ setur félögum tímamörk fyrir einstaka umferðir og setur á leiki. **Það lið sem fyrr er dregið úr pottinum skal fá heimaleik. Þó skal lið í lægri deild eða utan deildar** ~~skal~~ **ávallt fá heimaleik gegn liði sem er úr efri deild fram að undanúrslitum.** ~~Þegar komið er í 8 liða úrslit skal það lið fá heimaleik sem fyrr er dregið úr pottinum.~~ Lið skulu deila með sér ferðakostnaði (þó ekki gisti- né fæðiskostnaði) ef farið er um lengri leið en 100 km í aðra átt, séu innan við 500 km í aðra átt landleiðina skal miða við aksturskostnað annars kostnaður við flug og bílaleigubíl/rútu. (Höfuðborgarsvæðið reiknast allt út frá Reykjavík). Lið skulu eingöngu skipta útlögðum kostnaði á milli sín, BLÍ er heimilt að biðja um nótur því til sönnunnar. Á bikarhelgi BLÍ skiptist ferðakostnaðurinn á milli þeirra fjögurra liða sem komast í undanúrslitin.

3. gr.

- Í fyrstu umferð skulu leika lið sem spila í 2. deild eða neðar, skipt eftir kjördæmum. Þó þannig að Reykjavíkurborgskjördæmin og Suðvesturkjördæmi (kraginn) teljist eitt kjördæmi.
- Í annarri umferð koma inn lið úr 1. deild. Að þeirri umferð lokinni koma inn lið úr Úrvalsdeild nema ef heildarfjöldi liða að meðtöldum Úrvalsdeildarliðum sé fleiri en 16. Ef svo er skulu neðri deildarliðin leika eins margar umferðir og þarf þangað til heildarfjöldi liða að meðtöldum Úrvalsdeildarliðum er orðinn 16 eða færri.
- Þátttökugjald skal ákvarðast af mótanefnd í samráði við gjaldkera BLÍ ár hvert.
- Mæti lið ekki til leiks skal það sektað samkvæmt reglugerð um Íslandsmót og deildakeppni.

4. gr. Komi til þess að lið þurfi að sitja yfir við drátt til að koma fjölda liða í töluna 16 eða 8, hvort heldur sem passar betur, skulu liðin sitja yfir í eftirfarandi röð miðað við úrslit síðasta keppnistímabils:

- Bikarmeistarar
- Íslandsmeistarar
- Síðan þau lið sem eftir verða í pottinum þegar búið er að draga í viðkomandi umferð.

5. gr. Undanúrslit og úrslit fara fram á einni helgi. BLÍ ræður leikstað og tíma. Draga skal fyrst heimalið í fyrri undanúrslitaleikinn og svo útilið, svo skal draga heimalið í seinni undanúrslitaleikinn og þá útilið. Þau 4 lið sem komast í úrslitahelgina deila með sér ferðakostnaði sbr. 2. grein þessarar reglugerðar.

6. gr. Leikið skal eftir þeim leikreglum sem gilda frá FIVB.

7. gr. Heimalið skal eiga rétt á að velja búning **mæta í sínum heimaðalbúningi til leiks** í undanúrslitum og úrslitum. Lið skulu ekki vera í samskonar lituðum búningum.

8. gr. Heimilt er að selja nafn bikarkeppninnar.

Breytt og samþykkt á 48. ársþingi BLÍ 13. júní 2020

Reglugerð um meistarakeppni BLÍ

1. gr Þátttökurétt hafa Íslands- og Bikarmeistarar í mfl. karla og kvenna hverju sinni.

2. gr Hljóti sama lið Íslands- og Bikarmeistaratitil sama árið skal leikurinn vera á milli Íslandsmeistara og liðsins sem endaði í 2. sæti í bikarkeppninni.

3. gr. Um Meistarabikarinn gildir *Reglugerð um bikara á vegum BLÍ.*

4. gr. Meistaraleikirnir skulu fara fram að hausti ár hvert og skal leikstaðurinn vera ákveðinn af stjórn BLÍ ~~og þáttökuliðum~~.
5. gr. Dómarakostnaður greiðist af BLÍ en ferðakostnaður skipist jafnt á milli þáttökuliða sbr. 2. gr. *Reglugerðar um bikarkeppni BLÍ.*
6. gr. Aðgangseyrir skal fyrst ganga til greiðslu á húsaleigu og til greiðslu á öðrum tilfallandi kostnaði, nái endar ekki saman skal BLÍ bera kostnaðinn. Eftir að kostnaður hefur verið greiddur skal BLÍ fá 50% aðgangseyris en þáttökulið skipta með sér afgangi.
7. gr. BLÍ getur setið eitt að auglýsingum að leiknum eða verið í samstarfi með þáttökuliðum. BLÍ hefur heimild til þess að selja þáttökuliðum auglýsingasvæði gegn þóknun sem samkomulag næst um.
8. gr. BLÍ skal gefa Meistarabikarinn til keppinnar eða hafa forystu um að ná í styrktaraðila sem gerir slíkt. BLÍ skal sjá til þess að bikarinn sé verðugur verðlaunagripur, standi undir nafni og gefi metorðin sem hann á að standa fyrir vel til kynna.
9. gr. BLÍ skal sjá um að auglýsa leikinn og kynna hann í fjölmiðlum ásamt því að bjóða útvöldum boðsgestum hverju sinni og stuðla þar með að aukinni kynningu á blakinu.
10. gr. Meistarakeppnin skal fara fram ár hvert í mfl. karla og kvenna. Framkvæmd leiksins skal vera í samræmi við úrslitaleik í bikarkeppni BLÍ. Spilað skal eftir þeim reglum sem eiga við um bikarúrslitaleik.

Breytt og samþykkt á 48. ársþingi BLÍ 13. júní 2020

Reglugerð um haustmót BLÍ

1. gr. Mótið heitir Haustmót BLÍ og skal haldið í september ár hvert.
2. gr. Rétt til þátttöku eiga öll félög og héraðssambönd innan ÍSí svo og önnur íið sem framkvæmdaraðili samþykkir.
3. gr. Framkvæmdaraðili mótsins er félag eða héraðssamband innan ÍSí. Sækja skal um rétt til að halda mótið til BLÍ fyrir 1. september ár hvert. Ekki er nauðsynlegt að sami aðili sjái um framkvæmd mótsins bæði í karla- og kvennaflokki. Heimilt er að ráðstafa mótinu ár fram í tímann.
4. gr. Framkvæmdaraðili ákveður tilhögun keppinnar, þáttökugjöld og verðlaun. Tilhögun skal liggja fyrir um leið og þáttökugjalda er óskað svo og verðlaun fyrir mótið.
5. gr. Ef engar umsóknir berast BLÍ um að halda mótið má BLÍ gangast fyrir mótinu ella falli það þá niður það ár.
6. gr. BLÍ er heimilt að taka gjald fyrir mótsréttinn í því formi sem samkomulag næst um.

Samþykkt á 47. ársþingi BLÍ 29. mars 2019

Reglugerð um vormót BLÍ

1. gr. Mótið heitir Vormót BLÍ og skal haldið eftir 15. apríl ár hvert.

2. gr. Rétt til þátttöku eiga öll félög og héraðssambönd innan ÍSí svo og önnur lið sem framkvæmdaraðili samþykkir.
3. gr. Framkvæmdaraðili mótsins er félag eða héraðssamband innan ÍSí. Sækja skal um rétt til að halda mótið fyrir 1. mars ár hvert. Ekki er nauðsynlegt að sami aðili sjái um framkvæmd mótsins í karla- og kvennaflokki. Heimilt er að ráðstafa mótinu ár fram í tímann.
4. gr. Framkvæmdaraðili ákveður tilhögun keppinnar, þáttökugjöld og verðlaun. Tilhögun skal liggja fyrir um leið og þáttökugjalda er óskað svo og verðlaun fyrir mótið.
5. gr. Ef engar umsóknir berast BLÍ um að halda mótið má BLÍ gangast fyrir mótinu ella falli það þá niður það ár.
6. gr. BLÍ er heimilt að taka gjald fyrir mótsréttinn í því formi sem samkomulag næst um.

Samþykkt á 47. ársþingi BLÍ 29. mars 2019

Reglugerð um félagaskipti

1. gr. Leiktíð er frá 15. september til 15. maí.
2. gr. Þegar leikmaður skiptir um félag skal hann leggja fram fullgild félagaskipti, þ.e. ritaða yfirlýsingu um félagaskipti sín, skriflegt samþykki gamla félagsins sem jafnframt vottar að leikmaður sé skuldlaus við það, og greiða félagaskiptagjald til BLÍ (sjá þó 5. gr.). Stjórn BLÍ ákveður félagaskiptagjaldið fyrir 1. júní ár hvert og tilkynnir félögunum. Jafnframt skal standa skil á iðkendagjaldi hafi það ekki þegar verið gert fyrir viðkomandi leikmann sem og nýjum leikmannasamningi sé nýja félagið/liðið í Úrvalsdeild eða b-lið þess í 1.d.
3. gr. Þegar leikmaður skiptir um lið innan félags skal félagið leggja fram tilkynningu þess efnis til BLÍ og greiða liðaskiptagjald sem nemur hálfu félagaskiptagjaldi.
4. gr. Fullgild félagaskipti og liðaskipti í úrvalsdeild og 1.d., móttekin á skrifstofu BLÍ á skrifstofutíma (virka daga frá kl. 08.00 til 16.00), frá 15. maí til og með 31. október og 1. janúar til og með 31. janúar ár hvert í taka gildi um leið og framkvæmdastjóri eða formaður BLÍ hefur samþykkt þau sbr. starfsreglur vegna félagaskipta og liðaskipta. Heimilt er að senda félagaskiptagögn/liðaskiptagögn rafrænt. Berist gögnin utan skrifstofutíma, gildir tímasetning rafrænu samskiptanna. Félagaskiptablað eða tilkynning um liðaskipti og greiðsla vegna þessa verða að berast með sannarlegum hætti fyrir miðnætti og verða þau tekin til skoðunar næsta virka dag. Móttökudagur yfirlýsingar um félagaskipti eða tilkynningar um liðaskipti er sá dagur þegar öllum skilyrðum reglugerðarinnar hefur verið fullnægt.
5. gr. Félagaskipti taka gildi daginn eftir móttökudag yfirlýsingar um félagaskipti eða tilkynningar um liðaskipti en þó aldrei fyrr en þrír sólarhringar hafa liðið frá því að leikmaðurinn lék síðast leik með gamla félaginu/liðinu. Félag ber fulla ábyrgð á að nota leikmenn ef staðfesting á félagaskiptum/liðaskiptum hefur ekki borist forsvarsmanni félagsins frá BLÍ.
6. gr. Hafi félag leikmanns verið lagt niður, leikmaður spilað með háskólaliði eða ekki skráður í mótakerfi BLÍ þarf ekki skriflegt samþykki gamla félagsins um félagaskipti en önnur ákvæði 2., 3., 4. gr og 5. gr. skulu vera uppfyllt.
7. gr. Leikmanni er einungis heimilt að leika með og vera skráður í eitt lið í einu. Í Íslandsmóti má leikmaður Úrvalsdeildarliðs þó leika með og vera skráður í b-lið félagsins í 1.d. samtímis og er

undanþeginn tilkynningu og greiðslu um liðaskipti á milli Úrvalsdeildarliðsins og b-liðs félagsins í 1.d. Að sama skapi má leikmaður í U-flokkum leika með og vera skráður í tvö lið félags síns samtímis í Íslandsmóti og er undanþeginn tilkynningu og greiðslu um liðaskipti á milli þeirra tveggja liða. Ætli leikmaður í U-flokkum að leika með tveimur liðum félags síns samtímis þarf félag hans að tilgreina mótastjóra BLÍ með hvaða tveimur liðum leikmaðurinn muni leika á tímabilinu. Hyggist leikmaðurinn leika með þriðja liði félagsins þarf hann að fá löggild liðaskipti innan félagaskiptagluggans. Hver leikmaður má skipta um félag/lið tvisvar á hverri leiktíð. Hver leikmaður er einungis gjaldgengur með einu liði í Bikarkeppni BLÍ á hverri leiktíð.

8. gr. Félögum er heimilt að semja um tímabundin félagaskipti leikmanns samkvæmt reglum BLÍ innar félagaskiptatímabils. skv. 4. gr. Samkomulag um slík félagaskipti skal gert á sérstöku eyðublaði BLÍ (tilkynning um tímabundin félagaskipti) og skal undirritað af samningsfélagi leikmannsins, félagi sem fær leikmanninn til sín og leikmanninum sjálfum og jafngildir félagaskiptatilkynningu við upphaf og enda lánstíma. Á tilkynninguni skal koma fram lokadagsetning félagaskipta, þ.e. hvaða dag leikmaðurinn skal sjálfkrafa snúa aftur til síns samningsfélags. Til að tímabundin félagaskipti öðlist gildi skal tilkynning um tímabundin félagaskipti undirrituð af þeim aðila sem hefur heimild til þess að skuldbinda viðkomandi félag. Ef leikmaður hefur ekki náð 18 ára aldri við undirritun tilkynningar skal hún einnig undirrituð af forráðamanni viðkomandi leikmanns. Með tilkynningunni lýsa allir aðilar því yfir að samið hafi verið að öllu leyti um uppgjör á milli aðila vegna skiptanna og að bæði félögin séu ábyrg gagnvart réttindum leikmanns. Leikmaður fær leikheimild með hinu nýja félagi með staðfestingu BLÍ á tímabundnum félagaskiptum uppfylli leikmaðurinn aðrar reglur varðandi leikheimild. Leikmaður fær leikheimild með samningsfélagi sínu að nýju degi eftir lokadagsetningu félagaskiptanna (sjá þó 5.gr.). Aðeins leikmönnum með gildan leikmannasamning er heimilt að gera tímabundin félagaskipti. Aðeins er greitt félagaskiptagjald vegna félagaskipta úr samningsfélagi í félagið sem fær leikmanninn til sín en ekki þegar leikmaðurinn snýr til baka. Tímabundin félagaskipti teljast bara sem ein skipti. Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er einn mánuður og hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera eitt keppnistímabil. Samningsfélagi er heimilt fyrir 1. mars ár hvert að stytta tímabundin félagaskipti leikmanna sinna einhliða svo framarlega sem lágmarkstíma sé náð. Nýti samningsfélag sér þessa heimild skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Leikmaður fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju fjórum dögum eftir að tilkynningin er sannanlega móttækin af BLÍ.

Starfsreglur stjórnar vegna félagaskipta

1. gr. Sá tími sem þarf að líða frá yfirlýsingu um félagaskipti og tilkynningu um liðaskipti þar til leikmaður telst löglegur með nýju félagi er talinn frá móttöku fullgildra félagaskipta skv. 2., 3., 4. gr og 5.gr. reglugerðar um félagaskipti.
2. gr. Móttaka skjala vegna félagaskipta og liðaskipta telst gild þegar framkvæmdastjóri eða mótastjóri BLÍ vottar hana skriflega og sendir staðfestingu til umsækjanda og forráðamanns félags um félagaskipti.
3. gr. Félagaskiptin/liðaskiptin taka gildi degi eftir móttökudag yfirlýsingar um félagaskipti eða tilkynningar um liðaskipti en þó aldrei fyrr en þrjár sólarhringar hafa liðið frá því að leikamaðurinn lék síðast leik með gamla félaginu/liðinu.
4. gr. Framkvæmdastjóra eða mótastjóra BLÍ er ekki heimilt að taka á móti félagaskiptum/liðaskiptum liðs sem þeir spila með, þjálfar, starfa hjá með öðrum hætti eða sitja í stjórn hjá. Í slíkum tilfellum skulu þeir leita til formanns BLÍ eða annarra stjórnarmeðlima með að staðfesta félagaskiptin.

5. gr. Rísi upp ágreiningur um félagaskipti skal skjóta málinu til stjórnar BLÍ til úrlausnar. Sé slíkur ágreiningur, er sá tími sem þarf að líða frá yfirlýsingu um félagaskipti þar til leikmaður telst löglegur með nýju félagi talinn frá því að málinu er skotið til stjórnar. Leikmaður verður þó aldrei löglegur fyrr en að stjórn hefur úrskurðað í málinu og félagaskiptin hafa verið samþykkt. Sé skeyti sent BLÍ, gilda sömu reglur um móttöku þess og um móttöku annarra skjala.

Breytt og samþykkt á 48. ársþingi BLÍ 13. júní 2020

Viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna

1. gr. Verði lið uppvíst að því að nota ólöglegan leikmann í leik skal liðið tapa leiknum 3-0 (25-0, 25-0, 25-0). Í neðri deildum sem spilaðar eru í helgarmótum skal liðið tapa 2-0 (25-0, 25-0).
2. gr. Við annað brot á leiktímabilinu skal liðið jafnframt dæmt í fjársekt sem ákvörðuð er af stjórn BLÍ og gefin út fyrir hvert tímabil. Við hvert brot þar á eftir tvöfaldast fjársektin. Í neðri deildum sem spilaðar eru í helgarmótum teljast leikir hvarrar helgar eitt brot (þó gilda ákvæði greinar 1 um úrslit hvers leiks sem spilaður í helgarmóti).
3. gr. Kærufrestur miðast við grein 24.1 í lögum um dómstóla ÍSÍ. Rétt til kæru hefur hver sá, einstaklingar, félag og félagasamtök, sem misgert er við og hagsmuni hafa af niðurstöðu máls samkvæmt grein 30.1 í lögum um dómstóla ÍSÍ. Í kjölfar löglegrar kæru hefur mótanefnd þó vald til að úrskurða um úrslit leikja aftur í tímann innan leiktímabils sannist það að lið hafi notað ólöglegan leikmann.

Samþykkt á 47. ársþingi BLÍ 29. mars 2019

Reglugerð um frestanir leikja

1. gr. Leikir samkvæmt mótaskrá mótanefndar BLÍ skulu leiknir á þeim stað og tíma sem þar frá greinir.
2. gr. Leikir skulu almennt tilkynntir með mánaðar fyrirvara, en 14 dagar teljast réttir ef svo ber undir.
3. gr. Mótanefnd er heimilt að breyta ásettum leikjum og þurfa þá a.m.k. 14 dagar að vera í leik. Ef skemmra er í leik þarf samþykki beggja liða til breytingarinnar, en ef skemmra en 7 sólarhringar eru til leiks er engin heimild til leikbreytingar nema samkvæmt 4. og 5. grein.
4. gr. Leikur fellur af mótaskrá ef um lokaðar leiðir eða appelsínugular eða rauðar veðurviðvaranir frá þar til bærum aðilum er að ræða, þannig að lið kemst ekki til leiks vegna veðurs, ófærðar eða annarra ófyrirsjáanlegra ástæðna, nema ákvæði 7. gr. sé beitt. Þegar um flug er að ræða skal miðað við flugleið samdægurs **bókað flug**. Sama gildir um bílveg eða sjóveg, þegar slíkri ferð má ljúka m.t.t. árstíma á augljósum tíma. ~~Flugleið telst fær ef flogið er áætluðarflug á þeim tíma sem lið hyggst fara á og ekki er um frídag að ræða, annars telst leið fær ef flogið er áætluðarflug á leikdag.~~ Lið skulu panta far með að minnsta kosti 14 daga fyrirvara, sé þess kostur. Ef um helgarmót á vegum BLÍ er að ræða frestast helgarmótið ekki ef einungis 1 lið fyrir hver 6 lið í viðkomandi keppni/deild kemst ekki á mótsstað vegna lokaðra leiða eða appelsínugulra eða rauðra veðurviðvarana. Sé helgarmóti ekki frestað tapar það lið sem ekki kemst á það leikjum sínum í því helgarmóti samkvæmt 10. gr. en þó án sekta.

5. gr. Ef um veikindi er að ræða, hvort heldur er leikmanna eða starfsmanna er leik ekki frestað nema til afbrigða megi telja. Í slíkum tilfellum skal mótastjóri BLÍ eða staðgengill hans hverju sinni skera úr um frestun samdægurs.

6. gr. Ef um dauðsföll eða jarðarfari er að ræða sem hafa veruleg áhrif innan liðs, blakdeildar, íþróttafélags eða blakhreyfingarinnar hefur mótastjóri BLÍ eða staðgengill hans heimild til að fresta leik eða breyta leiktíma þó svo að skemmra en 7 sólarhringar séu til leiks.

7. gr. Mótanefnd hefur heimild til að breyta leiktíma innan sömu leikhelgar eða leikdags þegar um tímabundna lokun leiða er að ræða sbr. 4. gr. og af öðrum óviðráðanlegum orsökum.

8. gr. Mótaskrá er hvers konar tilkynning um leikdaga, stað og tíma sem forráðamenn liða hafa undir eðlilegum kringumstæðum full tækifæri til að kynna sér.

9. gr. Mótanefnd skal innan 7 sólarhringa frá frestuðum leik koma honum að nýju fyrir á mótaskrá sbr. 2. gr. nema bæði lið samþykki aðra tilhögun.

10. gr. Mæti lið ekki til leiks í Úrvalsdeild, 1. deild eða í bikarkeppni BLÍ skal viðkomandi lið tapa leiknum 3-0, (25-0, 25-0, 25-0). Jafnframt skal sama lið vera sektað. Verði sektin ekki greidd innan þeirra tímamarka sem stjórn BLÍ ákveður getur hún útilokað umrætt lið frá allri keppni á vegum BLÍ þar til skuldin hefur verið greidd eða um hana samið. Ákvæði þetta gildir á milli keppnistímabila. Mæti lið í neðri deildum ekki til leiks tapast leikur þess 2-0, (25-0, 25-0), auk þess sem liðið er sektað fyrir hvern leik. Sektarupphæðir skulu ákveðnar og gefnar út samhliða þátttökugjöldum.

Breytt og samþykkt á 48. ársþingi BLÍ 13. júní 2020

Reglugerð um búninga í blaki í mótum á vegum BLÍ

1. gr. Búningar Úrvalsdeildaliða og bikarkeppni frá og með 8 liða úrslitum

- Búningar liðs skulu vera sömu tegundar í sama lit nema búningur frelsingja liðsins, hann skal vera í öðrum lit sem svipar ekki til aðallitsins.
- Leikmenn liðsins skulu allir vera í eins búningum sömu tegundar, þ.m.t. stuttbuxur.
- Sokkar leikmanna skulu vera í sama lit.
- Starfsmenn liða skulu vera í samræmdum klæðnaði.

Neðri deildir og yngri flokkar skulu vera í samlitum treyjum og samlitum stuttbuxum.

2. gr. Merkingar búninga skulu vera mjög sýnilegar og í öðrum lit en búningurinn sjálfur. Búningar eru merktir með númeri frá 1-99 á miðju brjósti og á baki ~~en lið í Úrvalsdeild og 1. deild og bikarkeppni (frá og með 8 liða úrslitum) skulu merkt með númeri frá 1-20.~~

- Breidd númers skal vera 2 cm.
- Stærð á miðju brjósti: Hæð að lágmarki 15 cm
- Stærð á miðju baki: Hæð að lágmarki 20 cm
- Númer fyrirliða liðs skal auðkennt með striki undir númeri að framan.
- Merki félagsins skal vera á vinstra brjósti að framan að lágmarki 36 cm²

3. gr. 3. Keppnislið í Úrvalsdeild skal skrá á þátttökutilkynningu liti keppnisbúnings og varakeppnisbúnings. Útliði er heimilt að nota aðalkeppnisbúning sinn nema í þeim tilfellum þegar keppnisbúningur heimaliðs er í sama eða svipuðum lit. Liðum í 1. deild og Deildakeppni nægir að eiga eitt sett af búningum en þó skv. 1. og 2. grein.

Breytt og samþykkt á 48. ársþingi BLÍ 13. júní 2020

Reglugerð um auglýsingar á búningum í mótum á vegum BLÍ

1. gr. Einstökum félögum innan BLÍ er heimilt að auglýsa vörutegundir eða þjónustu á búningum og búnaði leikmanna sinna samkvæmt eftirfarandi skilyrðum: Auglýsingin má aðeins varða vörutegundir og þjónustu. Hún má ekki ganga í berhöggi við anda íþróttanna. Hvatningarorð eru óheimil.

2. gr. Þá upphæð, sem félag hlýtur fyrir auglýsingu, má aðeins nota til starfsemi félagsins. Í engum tilvikum má sú upphæð eða hluti hennar greiðast leikmönnum eða leiðtogum. Stjórn BLÍ áskilur sér rétt til að fylgjast með því að þessari reglu sé fylgt, enda skulu tekjur af auglýsingum þessum koma greinilega fram í reikningum félagsins.

3. gr. Ef reglur þessar eru brotnar, getur stjórn BLÍ dæmt félag til refsingar, vent því áminningu, ávítur eða sektað það, allt eftir eðli brotsins. Í mjög grófum eða endurteknum tilfellum skal úrskurða félag frá keppni.

Samþykkt á 47. ársþingi BLÍ 29. mars 2019

Reglugerð um bikara á vegum BLÍ

1. gr. Allir bikarar á vegum BLÍ sem engin sérákvæði gilda um skulu falla undir þá reglu að þeir skulu vinnast til eignar ef:

- a) Sama lið vinnur hann þrisvar í röð.
- b) Sama lið vinnur hann fimm sinnum

Samþykkt á 47. ársþingi BLÍ 29. mars 2019

Reglugerð fyrir kosningu í lið ársins

1. gr. Kosning í lið fyrri hluta tímabilsins

1.1. Þjálfari hvers liðs í Úrvalsdeild karla og kvenna tilnefnir leikmenn úr sínu liði í allar leikstöður vegna vals á liði fyrri hluta tímabilsins. Tilnefnt er í eftirfarandi leikstöður:

- Miðja (2)
- Kantur (2)
- Díó (1)
- Uppspilari (1)
- Frelsingi (1).

1.2. Allir tilnefndir leikmenn eru settir á rafrænan atkvæðaseðil sem sendur er út af starfsmanni Blaksambandsins.

1.3. Kosningin er opin í þrjá sólarhringa.

1.4. Þjálfari og fyrirliði liðs hafa atkvæðisrétt. **EKKI** má kjósa leikmenn úr eigin liði. Í kosningu er þremur leikmönnum raðað í röð í hverja leikstöðu eftir getu. Efsti leikmaður í hverri leikstöðu fær 3 stig, sá næsti 2 stig og sá þriðji 1 stig. Þeir leikmenn sem fá flest stig í hverri leikstöðu teljast þannig réttkjörnir í lið fyrri hluta tímabilsins. Séu leikmenn jafnir hefur sá betur sem oftast er settur í efsta sætið (annað sætið séu þeir jafnoft í efsta sæti). Séu þeir enn jafnir skulu báðir/allir fá útnefninguna.

1.5. Lið fyrir hluta tímabilsins er kynnt og viðurkenningar afhentar á árlegri uppskeruhátíð BLÍ um miðbik tímabilsins.

2. gr. Kosning í lið ársins, á efnilegasta leikmanni Íslandsmótsins, besta leikmanni Íslandsmótsins, þjálfara ársins og dómara ársins.

2.1. Þjálfari hvers liðs í Úrvalsdeild karla og kvenna tilnefnir leikmenn úr sínu liði í allar leikstöður vegna vals á liði ársins. Tilnefnt er í eftirfarandi leikstöður:

- Miðja (2)
- Kantur (2)
- Díó (1)
- Uppspilari (1)
- Frelsingi (1).

2.2. Allir tilnefndir leikmenn eru settir á rafrænan atkvæðaseðil sem sendur er út af starfsmanni Blaksambandsins. Atkvæðaseðilinn inniheldur einnig kjör á efnilegasta leikmanni Íslandsmótsins, besta leikmanni Íslandsmótsins, þjálfara ársins og dómara ársins.

2.3. Kosningin er opin í þrjá sólarhringa.

2.4. Þjálfari og fyrirliði liðs hafa atkvæðisrétt. **Ekki** má kjósa leikmenn/þjálfara úr eigin liði. Í kosningu er þremur leikmönnum raðað í röð í hverja leikstöðu eftir getu. Efsti leikmaður í hverri leikstöðu fær 3 stig, sá næsti 2 stig og sá þriðji 1 stig. Þeir leikmenn sem fá flest stig í hverri leikstöðu teljast þannig réttkjörnir í lið fyrir hluta tímabilsins. Að sama skapi er efnilegasta leikmanni, besta leikmanni, þjálfara og dómara raðað eftir getu, þrír fá atkvæði, sá efsti 3 stig, sá næsti 2 stig og sá þriðji eitt stig. Þeir sem fá flest stig eru réttkjörnir sem efnilegasti leikmaður Íslandsmótsins, besti leikmaður Íslandsmótsins, þjálfari ársins og dómari ársins. Séu leikmenn/þjálfarar/dómarar jafnir hefur sá betur sem oftast er settur í efsta sætið (annað sætið séu þeir jafnoft í efsta sæti). Séu þeir enn jafnir skulu báðir/allir fá útnefninguna.

2.5. Lið ársins, efnilegasti leikmaður Íslandsmótsins, besti leikmaður Íslandsmótsins, dómari ársins og þjálfari ársins eru kynnt og viðurkenningar afhentar á árlegri uppskeruhátíð BLÍ að vori.

3. gr. Einstaklingsverðlaun fyrir árangur

3.1. á árlegri uppskeruhátíð BLÍ að vori skal veita sérstök verðlaun fyrir árangur samkvæmt tölfræði í eftirtöldum þáttum í karla- og kvennaflokki

- Flest stig í uppgjöf
- Flest stig í sókn
- Flest stig í hávörn
- Stigahæsti leikmaður Úrvalsdeildar

4. gr. Félagsverðlaun vegna umgjörðar

4.1. Á árlegri uppskeruhátíð BLÍ að vori skal veita sérstök verðlaun til félags fyrir umgjörð á heimaleikjum. Dómarar, starfsfólk BLÍ og stjórnarfólk BLÍ velja það félag sem hlýtur þessi verðlaun.

Breytt og samþykkt á 48. ársþingi BLÍ 13. júní 2020

Agareglur Blaksambands Íslands

1. gr. Aganefnd BLÍ skal skipuð þremur mönnum og einum til vara og sér stjórn BLÍ um tilnefningu þeirra.

2. gr. Verksvið aganefndar er að fjalla um og kveða upp úrskurði um brot leikmanna, þjálfara, aðstoðarmanna og forystumanna félaga, sem framin eru í keppni (leik) eða á keppnisstað. Aganefndin fjallar um þau brot sem kærð eru til hennar sbr. 5. grein nema liði b og c.
3. gr. Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað.
4. gr. Munnlegur málflytningur er heimill þegar brot geta varðað við liði a, d, e, g og h 5. greinar. Þegar slíkt er heimilt skal aganefnd tilkynna aðilum fyrirtöku máls með þriggja sólarhringa fyrirvara og skulu aðilar þá flytja vörn sína. Ekki er kostur á frekari frestun.
5. gr.
- a) Öllum starfsmönnum leiks er heimilt að kæra og skal dómari koma kærinni til aganefndar. Kæra er heimil geri leikmaður, þjálfari, aðstoðarmenn þjálfara eða forystumenn félags sig seka um:
1. Að gagnrýna ákvarðanir dómara.
 2. Að viðhafa meiðandi eða niðrandi ummæli um leikmenn, starfsmenn leiks eða áhorfendur.
 3. Aðra minniháttar óþrúðmannlega framkomu.
- b) Sjái dómari sig tilneyddan að áminna **með rauðu spjaldi**, brottvísun (rautt/gult í sömu hendi) eða útiloka leikmann, þjálfara eða aðra á skýrslu (rautt/gult í sitt hvorri hendi), skal auk þess refsa sem hér segir:
- 1. Rautt spjald, 1 refsistig.**
 - 2. Brottvísun, 2 refsistig.**
 - 3. Útilokun, 3 refsistig.**
- Dómarar skulu sjá til þess að öll spjöld séu skráð í leikskýrslur. Sé refsingunni útilokun beitt skal dómari meta það hvort hann skilar inn skýrslu innan tveggja sólarhringa vegna atviksins til aganefndar BLÍ. Aganefnd hefur þrjá sólarhringa eftir móttöku skýrslunnar til þess að meta hvort viðkomandi fái lengra bann eða ekki.
- c) **Þrjú refsistig jafngildir einum leik í bann og núllast þá út þrjú refsistig, önnur haldast.**
- d) Hafi dómari vikið leikmanni af leikvelli fyrir ofbeldi gagnvart leikmanni, starfsmönnum eða áhorfendum, skal honum refsað með leikbanni í minnst þrjú leiki. Við ítrekun komi minnst sex leikja bann.
- e) Hafi dómari vikið leikmanni af leikvelli fyrir ofbeldi sem telst alvarlegs eðlis gagnvart leikmanni, starfsmönnum eða áhorfendum, skal honum refsað með leikbanni ótiltekinn tíma og ef um ítrekun er að ræða, gæti refsingin orðið, ef um mjög alvarlegt brot er að ræða, lífstíðarbann.
- f) Refsingar aganefndar er aðeins hægt að taka út í mótum á vegum BLÍ, svo sem Íslandsmótum og bikarkeppnum.
- g) Heilt lið brýtur af sér ef það yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda leik áfram. Refsingin við því getur orðið, auk þess sem leikreglur í blaki mæla fyrir um, brottrekstur úr keppni, leikbann á alla leikmenn liðsins og sektir.
- h) Gerist áhorfendur sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum eða dómurum, er heimilt að svipta það lið, sem telst heimalið, næsta eða næstu heimaleikjum, þar til öryggi leikmanna og starfsmanna telst tryggt.
6. gr. Kæri dómari leikmann fyrir brot samkvæmt lið a og/eða b 5. greinar skal hann aðeins færa það inn á leikskýrslu í athugasemdir ásamt undirskrift sinni. En kæri dómari leikmann fyrir brot samkvæmt d, e og/eða f liðum 5. greinar skal hann senda aganefnd ítarlega skýrslu um brotið innan tveggja sólarhringa frá því að brotið er framið.

7. gr. Kætur skulu teknar til úrskurðar innan þriggja sólarhringa frá því að kærán berst til aganefndar (sjá þó 4. grein) skal leikbann, ef um það er að ræða, koma til framkvæmda í næsta leik á eftir að aganefnd hefur kveðið upp úrskurð sinn. Eigi kærður leikmaður leik innan þriggja sólarhringa frá því kærán berst, skal ef unnt er ljúka máli hans fyrir þann tíma.

8. gr.

- a) Þjálfari, aðrir starfsmenn liðs eða leikmaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með þrjátíu mínútum fyrir leik og þar til dómárar ganga til búningsherbergja. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvellingum, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt. Verði dómárar leiks þar sem þjálfari eða starfsmaður liðs er í banni varir við óeðlileg samskipti við liðið, er þeim heimilt að vísa honum úr húsi til að framfylgja banninu. BLÍ skal sjá til þess að dómárar á leikjum séu meðvitaðir um leikbönn í tengslum við liðin sem mætt eru til leiks.
- b) Sé leikmaður, sem jafnframt er þjálfari liðsins, úrskurðaður í leikbann, er honum ekki heimilt að stjórna liðinu í þeim leikjum sem hann tekur út leikbann þó hann hafi verið skráður sem leikmaður á skýrslu þess leiks þegar hann framdi brot það sem hann fékk leikbann fyrir. Ef leikmaður, sem jafnframt er þjálfari annars liðs, er úrskurðaður í leikbann, er honum heimilt að stjórna liði sínu á því tímabili, sem hann tekur út leikbann sem leikmaður. Hljóti sá sem skráður er starfsmaður eða leikmaður á skýrslu leikbann, skal hann taka út leikbannið í leik þess liðs sem hann hlaut bann fyrir brot hjá og er honum þá með öllu óheimil þátttaka í leik þess liðs.
- c) Agabrot framið á einu keppnistímabili hefur ekki ítrekunaráhrif á því næsta. Ef leikmaður á eftir að taka út agaviðurlög þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi leikmanns. Ofangreint nær aðeins til agaviðurlaga vegna brottreksturs en ekki vegna áminninga. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka, skal hann taka út viðurlögin í nýjum aldursflokki. Þegar leikmaður má leika með tveimur eða fleiri aldursflokkum á sama keppnistímabili, skal hann taka út refsingu í þeim aldursflokki, þar sem hann hefur unnið til hennar, þ.e. brot í hverjum einstökum aldursflokki skulu meðhöndlast sérstaklega.

Samþykkt á 45. ársþingi BLÍ þann 10. mars 2017

Starfsreglur dómáranefndar og dómara BLÍ

1.gr. Dómáranefnd

1.1. Dómáranefnd BLÍ starfar samkvæmt lögum og reglugerð BLÍ um dómara og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga og reglna. Dómáranefnd skal skipuð a.m.k. 3 mönnum, sem stjórn BLÍ tilnefdir og skulu að minnsta kosti tveir nefndarmanna hafa landsdómáraréttindi eða að hafa starfað sem slíkir á undanförunum árum.

1.2. Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Skrifstofa BLÍ annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hún sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra BLÍ. Erindi til nefndarinnar skal vera skriflegt og það sent til framkvæmdastjóra á skrifstofu BLÍ sem tekur það til afgreiðslu.

1.3. Dómáranefnd hefur umsjón með dómaramálum BLÍ, ber ábyrgð á flokkun og vali dómara á leiki á vegum sambandsins og sér um fræðslumál dómara. Nefndin annast útgáfu leikreglnanna á íslensku og sér um að dómárar framfylgi þeim. Dómáranefnd er heimilt að skipa undirnefndir, sem t.d. hafi

eftirlit með hæfnismálum, niðurröðun og fræðslumálum Helstu verkefni dómaranefndar eru eftirfarandi:

- a) Að halda skrá yfir alla starfandi dómara
- b) Að hafa yfirumsjón með fræðslu og menntun dómara og ritara ásamt því að annast skrifleg próf dómara
- c) Að setja árleg fyrirmæli fyrir dómara
- d) Að annast útgáfu leikreglnanna á íslensku og úrskurða um túlkun þeirra
- e) Að annast niðurröðun dómara á leiki á vegum BLÍ í samræmi við reglugerð BLÍ um mót á þeirra vegum
- f) Að hafa eftirlit með störfum dómara innanlands og er þeir fara erlendis
- g) Að veita aðildarfélögum og öðrum innlendum aðilum ráðgjöf um dómaramál.
- h) Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um dómaramál innan CEV og með áherslu á samstarf Norðurlanda i. að sjá um erlend samskipti á sviði dómaramála
- j) Að tilnefna dómara og eftirlitsmenn til starfa erlendis

Dómaranefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn BLÍ kann að fela henni á hverjum tíma. Stjórn BLÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

1.4. Verði forsvarsmenn, þjálfarar, leikmenn eða aðrir fulltrúar félags uppvisir af óíþróttamannslegri framkomu gagnvart dómurum er BLÍ heimilt að sekta viðkomandi félag um allt að 50.000 krónur og setja viðkomandi aðila í bann.

2. gr. Dómarar

2.1. Markmið dómara er að ná upp slíku samræmi og samkvæmni í dómgæslunni að leikmenn/þjálfarar/forráðamenn/áhorfendur viti að hverju þeir ganga í þeim efnum. Dómaranefnd BLÍ sættir sig við þá staðreynd að allir dómarar geri mistök í störfum sínum. Ekki reyna að verða vinsæll dómari - því þegar öllu er á botninn hvolft eru bestu dómararnir ávallt þeir sem hafa hugrekki til þess að taka erfiðar (óvinsælar) ákvarðanir þegar þörf krefur.

2.2. Dómurum ber að hugleiða eftirfarandi atriði fyrir leik í undirbúningi sínum: Hvernig best sé að halda einbeitingunni leikinn í gegn og hvað það er mikill heiður að fá að dæma þennan leik. Dómararnir eru á besta staðnum á vellinum til þess að njóta þess að fylgjast með góðum keppnisleik!

2.3. BLÍ leggur áherslu á að framkoma og samskipti séu fagleg og einkennist af virðingu og samstarfsvilja. Þar er gerð rík krafa til dómara ekki síður en annarra þátttakenda. Ekki er gerð krafa um að samskipti fari fram á öðru tungumáli en íslensku. Það er á ábyrgð félaganna að koma upplýsingum til þeirra þátttakenda sem ekki skilja íslensku til skila.

2.4. BLÍ skal leitast við að hafa 3. dómara til staðar er leikjum er sjónvarpað beint, skal sá dómari vera til vara ef aðal- eða aðstoðardómari forfallast á meðan að leik stendur og einnig aðstoða dómaraþarið við framkvæmd leiksins, s.s. fylgjast með að aðilar sem eru í banni hafi ekki áhrif á leikinn.

2.5. Verði dómarar fyrir óíþróttamannslegri hegðun á meðan að leik stendur skulu þeir geta þess í leikskýrslu, þó ekki hafi verið gefið spjald fyrir slíka hegðun í leiknum, s.s. óþarfa tuð eftir leiki. Ef leikskýrsla hefur verið undirrituð er dómurum heimilt að senda skýrslu inn til BLÍ um slík atvik, tilgangurinn með þessu er að reyna að koma í veg fyrir ítrekað áreiti á dómara.

2.6. Fulltrúar liða þurfa samþykki formanns dómaranefndar eða framkvæmdarstjóra BLÍ til þess að hafa samband við dómara að fyrra bragði á keppnistímabilinu, nema til að staðfesta ferðatilhögun.

2.7. Ef upp koma alvarleg meiðsli í leik, hvort sem er hjá leikmanni, þjálfara, dómara eða öðrum sem koma fyrir á skýrslu, þar sem dómurum er ljóst að öllum þátttakendum sem og áhorfendum er brugðið, er dómurum heimilt að hætta leik. Skal aðaldómari geta þess á skýrslu hvað staðan er og vegna hvers leik er hætt.

2.8. Verði dómari, þjálfari, leikmaður, aðrir á skýrslu og/eða áhorfandi fyrir líkamsmeiðingum á meðan að leik stendur er aðaldómara heimilt að hætta leik, skal hann setja á skýrsluna stöðuna er leik var hætt. Eftir leik þar sem slíkt gerist er dómurum óheimilt að tjá sig við neinn aðila nema formann dómaranefndar og framkvæmdarstjóra BLÍ.

Samþykkt af stjórn BLÍ í október 2014

Reglugerð um dómarasjóð

1. gr. Nafn sjóðsins er Dómarasjóður BLÍ.
2. gr. Sjóðurinn skal vera í umsjón gjaldkera BLÍ, en sérgreindur í ársreikningum og á sérreikningi.
3. gr. Sjóðurinn aflar tekna sinna með gjaldtöku af leikjum á vegum BLÍ, og skal sú upphæð ákveðin á ársþingi BLÍ hverju sinni.
4. gr. Hlutverk sjóðsins er:
 - 1) Að styrkja dómara til frekara náms.
 - 2) Að aðstoða dómara til utanfara á vegum BLÍ
 - 3) Að stuðla að fjölgun dómara.
 - 4) Að láta annað það gott of sér leiða er kemur sér vel fyrir dómgæslu og dómarastéttina.
5. gr. Ef óskað er eftir úthlutun úr sjóðnum skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til Dómaranefndar BLÍ. Sjóðurinn er öllum opin.
6. gr. Úthlutun úr sjóðnum er alfarið í höndum dómaranefndar BLÍ og þarf fulla samstöðu innan nefndarinnar fyrir úthlutunum.
7. gr. Stjórn BLÍ sker úr öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna út of reglum þessum

Samþykkt á 47. ársþingi BLÍ 29. mars 2019

Reglugerð um merki BLÍ

1. gr. Heiðursmerki BLÍ

- 1.1. Heiðursmerki BLÍ er merki sambandsins úr gulli.
- 1.2. Merkið skal veitt fyrir framúrskarandi störf í þágu sambandsins og blakíþróttarinnar.
- 1.3. Stjórn sambandsins ákveður hverjum skuli veita merkið, en eigi skulu veitingar vera fleiri en tvær á ári, nema sérstaklega standi á.
- 1.4. Heimilt er að veita erlendum ríkissborgurum merkið.
- 1.5. Reglugerð þessari verður ekki breytt nema á reglulegu ársþingi BLÍ.

2. gr. Starfsmerki BLÍ

- 2.1. Starfsmerki BLÍ er merki úr silfri.

2.2. Merkið skal veita fyrir vel unnin störf innan blakhreyfingarinnar og fyrir að hafa leikið 50 A-landsleiki.

2.3. Stjórn BLÍ ákveður hverjum skuli veita merkið.

2.4. Reglugerð þessari verður ekki breytt nema á ársþingi BLÍ.

3. gr. Nýliðamerki BLÍ

3.1. Nýliðamerki BLÍ er merki úr bronsi

3.2. Merkið skal veita leikmanni fyrir að leika sinn fyrsta A-landsleik.

3.3. Reglugerð þessari verður ekki breytt nema á ársþingi BLÍ.

Breytt og samþykkt á 48. ársþingi BLÍ 13. júní 2020